# FRÉTTABLAÐIÐ

122. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 25. MAÍ 2016




„Ég skil ekki hvaðan þessi velvild er öllsömul komin,“ sagði Sævar Helgi Bragason í samtali við Vísi í gær. Sagan af gjaldþroti Stjörnufræðivefjar hans hreyfði við svo mörgum að á skömmum tíma safnaðist fyrir 450 þúsund króna virðisaukaskattskuld. Sú skuld var meðal annars til komin vegna kaupa á sólmyrkvagleraugum fyrir grunnskólabörn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útilokun foreldra eftir kyni er lögbrot

**Reglur foreldrafélaga um að eingöngu foreldrar af sama kyni megi sinna börnum á keppnisferðalagi íþróttafélaga eru á gráu svæði og líklega ekki í samræmi við jafnréttislög. Algengara er að reglur snúist um ferðalög stúlkna og að eingöngu mæður megi fylgja þeim.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Ekki er óalgengt að gerð sé krafa um að eingöngu mæður gisti með stúlkum í keppnisferðum íþróttafélaga. Ekki er jafn algengt að krafa um eingöngu feður í ferðum drengja sé gerð.

Þetta staðfesta íþróttafulltrúar og, þjálfarar íþróttafélaga sem Fréttablaðið ræddi við. Reglurnar eru settar af foreldrafélögunum.

Í Val er fyrirkomulagið skráð regla í gæðahandbók félagsins og á við um bæði kynin. Guðmundur Breiðfjörð, formaður barna- og unglingasviðs, segir regluna setta í samráði við börn og foreldra. „Það er mjög góð sátt um regluna og við höfum engar áhyggjur af því að við séum að ýta áhugasömum pöbbum frá. Þetta var gert til að skapa sátt og hefur gengið vel upp.“

Hjá KR hefur fyrirkomulagið verið rætt meðal foreldra. „Umræðan er samt meiri stelpnamegin en strákamegin,“ segir Rósa Hrönn Árnadóttir í barna- og unglingaráði KR. „Við höfum aldrei farið út í að setja reglur enda eru þetta foreldrar í umönnunarhlutverki á mótunum og eðlilegt að pabbarnir sinni stelpunum sínum, og öfugt.“

Lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu segir kynjaskiptingu í þessu umönnunarhlutverki foreldra geta verið brot á jafnréttislögum.

„Fortakslaus regla þar sem foreldri er útilokað frá þátttöku í íþróttaferðum barns síns á grundvelli kyns er að minnsta kosti á gráu svæði og líklega ekki í samræmi við meginreglur í lögum um að ekki megi mismuna fólki á grundvelli kyns,“ segir Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur. „Til þess að þetta sé brot á lögum þyrfti að fallast á að það sé óhagstæðari meðferð í skilningi jafnréttislaga, að foreldri af öðru kyninu geti ekki farið með barni sínu og sinnt liðsstjórahlutverki eða gist með því.“ **– ebg**

> **Fortakslaus regla þar sem foreldri er útilokað frá þátttöku í íþróttaferðum barns síns á grundvelli kyns er að minnsta kosti á gráu svæði.**
>
> Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu

## Piltar ánægðari með sig

**SAMFÉLAG** Fimmtán ára drengir eru með meira sjálfsálit en fimmtán ára stúlkur. Við 23 ára aldur mælast konur aftur á móti með meiri lífsánægju. Þetta kemur fram í doktorsrannsókn Sunnu Gestsdóttur í íþrótta- og heilsufræði. Markmið hennar var að skoða breytingar á andlegri líðan ungmenna.

„Aðrar rannsóknir hafa ekki sýnt kynjamun á lífsánægju þannig að þessar niðurstöður voru ansi athyglisverðar,“ segir Sunna í samtali við Fréttablaðið. **– ebg /** **sjá síðu 4**



**Sunna Gestsdóttir doktor í íþrótta- og heilsufræði**

## Hallarekstur í 13 ár af 15

**VIÐSKIPTI** Halli hefur verið á reglulegri starfsemi Reykjanesbæjar 13 af síðustu 15 árum. Uppsafnaður hallarekstur af reglulegri starfsemi nemur um 15 milljörðum á tímabilinu. Skuldir Reykjanesbæjar hafa fimmfaldast á tímabilinu á verðlagi hvers árs og nema nú um 40 milljörðum króna eða um 2,5 milljónum króna á hvern íbúa.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sendi Reykjanesbæ bréf í síðustu viku þar sem fram kom að nefndin teldi greiðslubyrði Reykjanesbæjar vera umfram greiðslugetu og því yrði ekki komist hjá því að leggja til við innanríkisráðherra að fjárhaldsstjórn yrði skipuð yfir bænum. Reykjanesbær hefur óskað eftir fresti til 7. júní til að bregðast við.
**– ih / Markaðurinn**

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Velta vegna kvikmyndaframleiðslu nam 70 milljörðum á tímabilinu 2009 til 2015. Ástæðan er einkum fjölgun erlendra verkefna.

**SKOÐUN** Svikin loforð menntamálaráðherra, skrifar Guðríður Arnardóttir. 14

**SPORT** Ómögulegt að hætta núna, segir sunddrottningin Hrafnhildur Lúthersdóttir. 16

**MENNING** Nýi barokkhópurinn Symphonia Angelica heldur tónleika í Guðríðarkirkju á morgun. 22

**LÍFIÐ** Flugfreyjustarfið aldrei vinsælla. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ALLT FYRIR HEIMILIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðlæg átt, 8-15, skýjað og rigning fyrripartinn í dag, einkum vestan til, en hægari og úrkomuminna þegar líður á daginn. Lengst af þurrt og bjart veður norðaustan- og austanlands.

SJÁ SÍÐU 20

# Viðreisn í Hörpu




**Stjórnmálaflokkur stofnaður** „Hann verður frjálslyndur flokkur, öðruvísi flokkur en menn hafa átt að kynnast. Við erum að hugsa fyrst og fremst um neytendur og almenning og beina okkur gegn sérhagsmununum,“ sagði Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ellefu vilja í stól bæjarstjóra

**BOLUNGARVÍK** Ellefu manns sóttu um sveitarstjórastöðuna í Bolungarvík. Þar af eru átta karlmenn og þrjár konur.

Starfið var auglýst til umsóknar í byrjun maí og hefur ráðgjafarfyrirtækið Capacent umsjón með ráðningarferlinu.

Í auglýsingu sem birt var á vef Bolungarvíkurkaupstaðar kemur fram að á næstu árum standi fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í Bolungarvík. Talsverður vöxtur hafi verið í atvinnulífinu á undanförnum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík séu í sjónmáli og stöðugt skapist ný tækifæri til sóknar.

Elías Jónatansson er fráfarandi sveitarstjóri, en hann tekur við sem orkubústjóri Orkubús Vestfjarða 1. júlí næstkomandi. Elías hefur verið sveitarstjóri í Bolungarvík frá árinu 2008. **– jhh**

## Réttað verður yfir Bill Cosby

**BANDARÍKIN** Bandarískur dómari hefur ákveðið að draga leikarann Bill Cosby fyrir dóm. Cosby er sakaður um að hafa byrlað háskólastarfsmanninum Andreu Constand ólyfjan og nauðgað henni á heimili sínu í grennd við Philadelphiu árið 2004.

Málið sem réttað verður í var opnað á ný í fyrra í kjölfar þess að rúmlega fjörutíu konur sökuðu Cosby um sambærilegt athæfi. Mál Constand er það eina sem ekki er fyrnt. Ekki hefur verið sett dagsetning á upphaf réttarhaldanna.

Cosby neitar sök í málinu sem og hinum rúmlega fjörutíu málunum. Segir hann að allt hafi farið fram með samþykki allra aðila.

Constand hefur lýst því að Cosby hafi látið hana taka þrjár bláar töflur. Hún segir töflurnar hafa valdið sér svima auk þess sem hún missti tilfinninguna í líkamanum. **– þea**

## Ráðherra yrði formaður

**ALÞINGI** Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um þjóðaröryggisráð. Samkvæmt frumvarpinu yrði hlutverk slíks ráðs að hafa eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland væri framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis. „Þjóðaröryggisráð skal enn fremur meta ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjalla um önnur málefni er varða þjóðaröryggi,“ segir í frumvarpinu.

Forsætisráðherra yrði formaður ráðsins en auk hans myndu þeir ráðherrar sem fara með utanríkis- og varnarmál og almannavarnir, ráðuneytisstjórar viðkomandi ráðuneyta, ríkislögreglustjóri og forstjóri Landhelgisgæslunnar skipa ráðið.

Þá gæti ráðið kallað fleiri ráðherra til setu í ráðinu varðandi einstök mál sem væru til umfjöllunar og tæki ráðuneytisstjóri þess ráðuneytis jafnframt sæti í ráðinu. **– þea**


**Garðtraktorar**
**í miklu úrvali**



Cub Cadet
*Gerir sláttinn auðveldari*
MTD
ÞÓR HF
**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Opnunartími:** Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
**Vefsíða og netverslun:** www.thor.is


# Komin heim en herra Níkaragva enn frjáls

**Heiðrún Mjöll kærði þekktan mann í Níkaragva fyrir nauðgun fyrir um mánuði. Ferlið hefur verið henni erfitt en hún er þakklát fyrir allan þann stuðning sem hún hefur fengið. Meðal annars var safnað fyrir öllum lögfræðikostnaði.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er mikill léttir að vera komin heim en ég er ekki búin að gefast upp á þessu máli. Ég mun gera allt sem ég get til að þessi maður verði dæmdur fyrir það sem hann gerði,“ segir Heiðrún Mjöll Bachmann sem lagði fram nauðgunarkæru fyrir tæpum mánuði í Níkaragva, gegn manni sem er þekktur þar í landi fyrir að hafa verið kosinn fegurðarkóngur fyrr á árinu.

Heiðrún hefur staðið í ströngu síðan hún lagði fram kæruna því ferlið hefur gengið afar hægt og treglega. Einnig segir hún þolendum kynferðisofbeldis sýndur lítill stuðningur í Níkaragva.

Heiðrún þurfti sjálf að greiða lögfræðingi til að geta lagt fram kæru og fylgt málinu eftir en eftir að Fréttablaðið fjallaði um mál hennar setti hópur undir nafninu Aktívismi gegn nauðgunarmenningu af stað söfnun til styrktar henni.

„Ég er svo þakklát fyrir stuðninginn. Fjárhæðin dugði akkúrat fyrir lögfræðikostnaðinum,“ segir Heiðrún sem kom til Íslands í fyrradag eftir níu mánaða dvöl í landinu þar sem hún starfaði sem au pair.

Tveimur dögum áður en hún fór heim var loks fjallað um mál hennar fyrir rétti en Heiðrún var farin að halda að málið yrði fellt niður. Málið er nú í höndum réttarins en meintur gerandi hefur enn ekki verið handtekinn eða látinn vita af kærunni.

Heiðrún segir málið vera farið að fréttast um landið eftir að Iceland Magazine birti frétt Fréttablaðsins á ensku.

„Næst á dagskrá er að koma málinu að í fjölmiðlum úti en það er hægara sagt en gert þar sem allir fjölmiðlar eru ríkisreknir. Þar sem nauðgarinn er þekktur gætu stjórnvöld reynt að þagga málið niður því það er verið að byggja upp ferðaþjónustu í landinu og mikil landkynning í gangi. En ég læt það ekki hafa áhrif á mína baráttu,“ segir Heiðrún sem er þó fegin að vera komin langt í burtu frá erfiðum aðstæðum og nýtur þess nú að vera í faðmi fjölskyldu og vina. **– ebg**



**Heiðrún segist ætla að halda í góðu minningarnar frá Níkaragva og mun á næstu dögum leita hjálpar hjá Stígamótum til að komast yfir reynslu sína síðasta mánuðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég er svo þakklát fyrir stuðninginn. Fjárhæðin dugði akkúrat fyrir lögfræðikostnaðinum.**
>
> Heiðrún Mjöll Bachmann

WWW.NISSAN.IS

NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



ENNEMM / SÍA / NM75485

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn

**Verð: 5.390.000 kr.**

Eyðsla 5,1 l /100 km*

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn

**Verð: 5.790.000 kr.**

Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Kópavogsbær svarar engu um kröfur fyrrverandi embættismanna

**SVEITARSTJÓRNIR** Tveir lögmenn sem störfuðu hjá Kópavogsbæ krefjast þess að laun þeirra verði leiðrétt afturvirkt.

Um er að ræða þá Þórð Clausen Þórðarson, sem var bæjarlögmaður Kópavogs í 26 ár, frá 1987 til 2013, og Geir A. Marelsson, skrifstofustjóra framkvæmdasviðs bæjarins á árunum 2004 til 2009.

Ekki náðist tal af Þórði og Geir í gær en báðir óskuðu þeir í apríl eftir „leiðréttingu launa vegna kjarabreytinga við ákvörðun launaþróunar samkvæmt ráðningarsamningi“, eins og málið er kynnt í fundargerð bæjarráðs.



Þórður Clausen Þórðarson, fyrrverandi bæjarlögmaður Kópavogs, var skipaður héraðsdómari 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erindi þessara starfsmanna eru í vinnslu og veitir bærinn ekki upplýsingar um málið að svo stöddu.

Úr svari Kópavogsbæjar til Fréttablaðsins

Geir hefur þess utan kært bæinn til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna þess að honum var synjað um aðgang að gögnum sem hann óskaði eftir.

Kópavogsbær neitar að afhenda Fréttablaðinu afrit af kröfum Þórðar og Geirs. „Um er að ræða upplýsingar er varða starfssamband milli Kópavogsbæjar og fyrrverandi starfsmanna sveitarfélagsins, en þess háttar upplýsingar eru undanþegnar upplýsingarétti,“ segir í svari bæjarins.

Þá neitar Kópavogsbær einnig á svipuðum forsendum að svara spurningum Fréttablaðsins varðandi innihald krafna Þórðar og Geirs og afstöðu bæjarins til þeirra.

„Erindi þessara starfsmanna eru í vinnslu og veitir bærinn ekki upplýsingar um málið að svo stöddu,“ segir í svari Kópavogsbæjar við fyrirspurn Fréttablaðsins. – gar



Þegar mest var réru 16 bátar frá Grímsstaðavör. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Borgin bjargi minjum

**SAGA** Vitafélagið – íslensk strandmenning skorar á borgaryfirvöld að sinna viðhaldi og með því varðveita einstakar sögu- og menningarminjar sem eftir eru í Grímsstaðavör fyrir komandi kynslóðir, og gera þær aðgengilegar sem mikilvægan þátt í strandmenningarsögu Reykjavíkur.

Í fréttatilkynningu félagsins er minnt á að langt fram eftir 20. öldinni var stundað útræði úr vörum á Reykjavíkursvæðinu. Flestar varirnar eru nú horfnar undir uppfyllingar og því fátt sem minnir á þennan þátt í atvinnusögu borgarinnar. Við Ægisíðuna í Reykjavík er hins vegar Grímsstaðavör sem er ein af sjö vörum við Skerjafjörð og sú þeirra sem lengst var róið frá. – shá

## Kosningum verði frestað

**ALÞINGI** Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir það vanhugsað að ætla að kjósa til Alþingis í haust og stytta kjörtímabilið um eitt löggjafarþing. Í þingræðu í gær minnti hún á þann mikla árangur sem náðst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar.

„Við hljótum að vera sammála um að þetta er einstakur árangur ríkisstjórnarinnar á aðeins þremur árum. Því er það mín skoðun að það hafi verið vanhugsað að samþykkja kosningar nú í haust.“ – sa

# Ungar konur eru ánægðari með lífið en ungir karlmenn

**Fimmtán ára drengir eru með meira sjálfsálit en stúlkur samkvæmt nýrri rannsókn. Líðan ungmenna milli 15 og 23 ára var könnuð og hvernig hún tengist þreki og hreyfingu. Við 23 ára aldur jafnast þetta út og stúlkurnar taka fram úr drengjunum hvað varðar lífsánægju. Þrek drengja hefur mest áhrif á líkamsmynd.**

**SAMFÉLAG** Fimmtán ára drengir eru með meira sjálfsálit en fimmtán ára stúlkur en við 23 ára aldurinn jafnast munurinn á milli kynjanna og stúlkurnar mælast með meiri lífsánægju.

Þetta kemur fram í doktorsrannsókn Sunnu Gestsdóttur í íþrótta- og heilsufræði.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða breytingar á andlegri líðan ungmenna milli 15 og 23 ára aldurs og kanna hvernig líðanin tengist þreki og hreyfingu.

„Rannsóknir hafa sýnt að drengir séu yfirleitt með betri andlega líðan en þetta aldurstímabil hefur verið lítið rannsakað. Þessi rannsókn sýnir að drengirnir hafa meira sjálfsálit um fimmtán ára aldur en stúlkurnar ná drengjunum við 23 ára aldur. Sjálfsálit stúlkna eykst en ekki hjá drengjum,“ segir Sunna.

„Mælingarnar sýndu einnig að stúlkur voru ánægðari með lífið við 23 ára aldurinn. Aðrar rannsóknir hafa ekki sýnt kynjamun á lífsánægju þannig að þessar niðurstöður voru ansi athyglisverðar.“

Aðeins er hægt að álykta hvað veldur þessum breytingum en niðurstöður rannsóknarinnar sýna til dæmis að fleiri stúlkur voru í námi 23 ára en drengir og því segir Sunna að spurning sé hvort það auki sjálfsálit. Einnig minnkar hreyfing og þrek drengja meira en stúlkna á tímabilinu sem gæti haft áhrif á andlega líðan.

Sunna kannaði einnig líkamsmynd ungmennanna. „Líkamsmyndin hefur svo sterk áhrif á sjálfsálitið og ég vildi kanna hvað hefði áhrif á líkamsmyndina. Athyglisvert er að þrekmæling við fimmtán ára aldur spáði best fyrir um líkamsmyndina átta árum síðar. Þeim mun betra formi, sem fimmtán ára unglingur er í, því betri líkamsmynd er hann með 23 ára.“



Þessar fimleikastúlkur fá nóg af hreyfingu og eru því með gott þrek en þó skiptir sjálfsmatið meira máli en mæling á þreki þegar kemur að líkamsmynd stúlkna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það þarf að efla þrek hjá strákum en einblína meira á andlega uppbyggingu hjá stelpum.



Sunna Gestsdóttir, dr. í íþrótta- og heilsufræði

Sunna segir rannsóknina sýna að nálgast þurfi kynin með ólíkum hætti þegar efla á líkamsmynd og sjálfsálit. Huglægt mat hefur áhrif hjá stúlkum en hlutlægt mat hjá drengjum.

„Þrek drengja hefur mestu áhrifin á líkamsmyndina. En hjá stelpunum hafði sjálfsmat meiri áhrif en sjálf útkoman í þrekprófinu. Það þýðir að það þarf að efla þrek hjá strákum en einblína meira á andlega uppbyggingu hjá stelpum.“

erlabjorg@frettabladid.is




# Kynferðisbrot gegn fötluðum grófari

**SAMFÉLAG** Kynferðisbrot gegn fötluðu fólki eru oftar grófari og ganga frekar lengra en kynferðisbrot gegn ófötluðu fólki. Í rannsókn Vigdísar Gunnarsdóttur lögfræðings á dómum íslenskra dómstóla á kynferðisbrotum gegn fötluðum þolendum kemur fram að í meirihluta brotanna voru hafðar samfarir við þolendurna.

„Verknaðirnir eru almennt grófari. Sams konar brot eru framin gagnvart ófötluðum en miðað við fámenni hópsins er einkennið grófari verknaðir en ella. Það er minna um kynferðislega áreitni. Í meirihluta tilfella er um að ræða kynferðismök,“ segir Svala Ísfeld Ólafsdóttir, leiðbeinandi Vigdísar og dósent við lagadeild HR.

„Fyrst og fremst held ég að skýringin sé sú að oft koma gerendur þessara brota fram við fatlað fólk af mikilli vanvirðingu og markaleysi.“ Svala nefnir mál þar sem föðurbróðir tveggja fatlaðra systkina var m.a.



Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reyjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

dæmdur fyrir að neyða systkinin til að hafa samfarir auk þess að neyða bróðurinn til að horfa á sig hafa samfarir við systur hans. „Þetta er mikil sálræn, andleg þjáning til viðbótar við verknaðinn,“ segir Svala.

„Rannsóknir benda til að fatlaðir séu í meiri hættu á að verða fyrir kynferðisbrotum en þeir sem eru það ekki og að brotin séu að jafnaði alvarleg og viðvarandi. Þá hefur verið áætlað að fatlaðir séu allt að fjórum til tíu sinnum líklegri til að verða fyrir kynferðislegri misnotkun en aðrir,“ bætir Svala við.

Í 65% tilvika tengjast gerendur þolendum fjölskylduböndum, eru vinir þeirra eða sinna umönnun.

„Af þessu leiðir að flestir gerendur tengjast eða þekkja til þolenda með þeim hætti að þeir vita af fötluninni og misnota bágindi þolandans,“ segir Svala.

Þá eru fatlaðar konur fjórum sinnum líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en karlar. – snæ




# 3 fyrir 1

Dælan við Fellsmúla, Staldrið og Smáralind.
Þrjár stöðvar fyrir einn ökumann: Já, þig!

24/7




Dælan er ný keðja af hressum sjálfsafgreiðslustöðvum fyrir ökumenn sem vilja spara dálítinn pening. Þú finnur Dæluna á þremur frábærum stöðum: Við Fellsmúla, Staldrið og Smáralind þar sem við keppumst við að bjóða lægra verð á eldsneyti. Verið velkomin - allan sólarhringinn!

**Enginn afsláttur – bara megahraðboðstilrýmingarsérverð fyrir alla.**

**Nánari upplýsingar á netinu**
Heimasíðan okkar er að sjálfsögðu líka opin 24/7

DÆLAN



**Hillary Clinton verður væntanlega fulltrúi demókrata.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fimmtungur hatar Trump og Hillary Clinton

**BANDARÍKIN** Um sextíu prósentum kjósenda í Bandaríkjunum er illa við líklega forsetaframbjóðendur stóru flokkanna tveggja, demókratann Hillary Clinton og repúblikanann Donald Trump. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun NBC.

Einungis tíu prósent kjósenda segjast þá dá Trump og sautján prósent Clinton en um 25 prósent segjast dá þau hvort um sig.

Þá segja 37 prósent að þeim líki illa við Clinton en hati hana þó ekki, samanborið við 39 prósent hjá Trump. 21 prósent segist hins vegar beinlínis hata Clinton en 24 prósent hata Trump.

Nýr forseti verður kosinn í nóvember. Fréttastofa BBC segir að þau Clinton og Trump séu farin að gagnrýna hvort annað af meiri hörku en áður. – þea

**Líklegast þykir að Clinton nái útnefningu demókrata og Trump verði fulltrúi repúblikana.**

## Verkföll skekja franskt efnahagslíf



Starfsmenn í olíuiðnaði í Frakklandi eru í verkfalli þessa dagana, en verkfallið snertir olíuhreinsunarstöðvar, olíubirgðastöðvar og bensínstöðvar. Á þessari mynd sjást verkfallsverðir sem hafa reist girðingu úr dekkjum til að takmarka umferð við olíuhreinsunarstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir stjórn Frjálsa taka framboði fálega

**Ingvi Þór Georgsson viðskiptafræðingur býður sig fram á móti sitjandi stjórnarmönnum í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Gagnrýnir viðtökur við framboðinu hjá stjórninni. Hvetur fólk til að láta sig lífeyrissjóðina varða. Miklar eignir fólks í sjóðunum kalli á aukið aðhald.**

**VIÐSKIPTI** Í fyrsta sinn í tvö ár standa fyrir dyrum kosningar í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins. Þær koma til vegna þess að Ingvi Þór Georgsson viðskiptafræðingur hefur boðið sig fram á móti tveimur sitjandi stjórnarmönnum.

Ingvi Þór segir framboðið ekki til komið vegna þess að honum hafi þótt stjórn sjóðsins ábótavant. „Í sjálfu sér ekki. Ég er mjög stoltur af því að vera í sjóðnum, en hef ákveðnar áhyggjur af sinnuleysi um stjórn hans.“ Það segir hann til dæmis endurspeglast í því að á síðasta ársfund sjóðsins hafi bara mætt 40 sjóðsfélagar af tæplega 50 þúsundum.

Þá gagnrýnir Ingvi Þór hvernig stjórn sjóðsins hafi tekið framboðinu, svo sem með því að senda ekki út til sjóðsfélaga í tölvupósti tilkynningu um framboð hans. Þá hafi um 300 orða kynning sem hann hafi sent til birtingar á vef sjóðsins verið stytt í um 20 orð.

„Þeir segjast bara senda út ef það eru nokkrar fréttir í einu,“ segir Ingvi. „Og ef ég hefði ekki boðið mig fram núna væri sjálfkjörið í stjórnina aftur. Þetta stuðar mann aðeins.“ Í svo stórum lífeyrissjóði ætti enginn að ganga að því vísu að labba bara inn í stjórn.

Ingvi segir lífeyrissjóðina skipta sköpum fyrir framtíðarvelferð þjóðarinnar og því þurfi fólk að láta sig sjóðina varða og geta treyst þeim. Traust til sjóðanna fari hins vegar hríðminnkandi og litlu sé varið í fræðslu eða kynningu á þeim. „Samt sem áður greiða landsmenn á bilinu 10 til 15 prósent launa sinna mánaðarlega til þessara sjóða.“ Eignir fólks í sjóðunum séu miklar sem kalli á bæði aukið aðhald með þeim og bætta upplýsingagjöf. „Ég stend harður á því að réttur sjóðsfélaga til að hafa áhrif á framgang mála og stefnu lífeyrisjóðanna í heild sé best nýttur á aðalfundi. Félagsstarf er mikilvægt og ungt fólk verður að láta til sín taka í því.“

Ingvi Þór hvetur sjóðsfélaga til að mæta á ársfundinn, sem er á morgun, bæði til að nýta rétt sinn til kosninga og eins til að sýna í verki að fólki sé ekki sama um málefni lífeyrissjóðanna. „Ég stend heils hugar með Frjálsa og tel hann standa öðrum lífeyrissjóðum framar,“ segir hann og kveðst vilja vinna að virkara félagsstarfi sjóðsins og vandaðri upplýsingum til félagsmanna.

**olikr@frettabladid.is**

### Í framboði á morgun

Frestur til að skila inn framboði í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir ársfundinn á morgun rann út 19. maí síðastliðinn. Kosið verður um tvo aðalmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs.

Fram kemur á vef sjóðsins að í framboði í aðalstjórn séu Anna Sigríður Halldórsdóttir hagfræðingur, sérfræðingur hjá Hagstofu Íslands og stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum, Ásgeir Thoroddsen lögfræðingur, lögmaður og stjórnarformaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum, og Ingvi Þór Georgsson, viðskiptafræðingur og M.Sc. í alþjóðaviðskiptum, starfsmaður í upplýsinga- og kynningarmálum hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.

Sjálfkjörið er í varastjórn sjóðsins.

LYFJA
– Lifið heil

15% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í maí

www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju



Voltaren Gel

Lyfjaauglýsing




Það er endalaust pláss fyrir sumar og sól í Yaris Hybrid. Njóttu þess að elta sólina landshorna á milli með sparneytni og þægindi í hverjum kílómetra. Veldu þér gott aksturslag fyrir sumarið sem allra fyrst og skoðaðu áður óséð stjörnutilboð á Toyota Hybrid sem aðeins býðst í takmarkaðan tíma.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**
**Tryggt framtíðarvirði**
**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Efnahagskreppa vofir yfir í Venesúela

**Óðaverðbólga ríkir í Venesúela um þessar mundir. Matar- og orkuskortur veldur miklum áhyggjum. Matarverð hefur fimmfaldast á rúmu ári og kostar hamborgari nú rúmlega 20 þúsund krónur í landinu. Margar milljónir manna vilja að forsetinn segi af sér.**


Íbúar Venesúela þurfa að bíða í löngum röðum eftir mat sem hefur fimmfaldast í verði á örskömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Pólitískur óstöðugleiki ríkir í Venesúela og á dögunum fór fram stærsta heræfing í sögu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**VENESÚELA** Á sunnudaginn tilkynntu forsvarsmenn Coca-Cola að þeir myndu stöðva framleiðslu á samnefndum drykk í Venesúela vegna sykurskorts. Um þessar mundir nemur verðbólga um sjö hundruð prósentum og matar- og orkuskortur ríkir í landinu. Greiningaraðilar óttast að djúp efnahagskreppa sé yfirvofandi, þörf sé á verulegum efnahagsaðgerðum til að bæta ástandið.

Um helgina voru hermenn sendir á allar helstu stöðvar í kringum Caracas, höfuðborg Venesúela, á stærstu heræfingu sem hefur farið fram í landinu. Ríkisstjórnin sagði æfinguna tilkomna vegna hótunar um innrás frá Bandaríkjunum, en talið er líklegra að hún hafi verið haldin vegna núverandi neyðarástands. Í rúmt ár hafa Venesúelabúar lifað við óðaverðbólgu og pólitískar óeirðir.

Hillur í matvörubúðum eru tómar, nauðsynleg lyf fást aðeins í takmörkuðum mæli og glæpum fer fjölgandi. Rafmagnsleysi er orðið daglegt brauð og hefur ríkisstjórnin beðið opinbera starfsmenn að mæta einungis á mánudögum og þriðjudögum til að spara rafmagn. Í frétt Al Jazeera um málið segir að um sé að ræða einhverja verstu matar-, orku- og efnahagskreppu í landinu á síðustu áratugum.

Meðal þess sem hefur ýtt undir efnahagskreppu í landinu er gríðarleg lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu, sem er ein helsta útflutningsafurð landsins. Verð á hráolíu hefur lækkað um rúmlega helming frá síðari hluta ársins 2014.

Síðastliðin fimm ár hefur Venesúela flutt inn stóran hluta matvara, en vegna lágs olíuverðs um þessar mundir er gjaldeyrisforði landsins lítill og geta stjórnvöld því ekki haldið innflutningnum áfram. Matarverð hefur fimmfaldast frá því að olíuverð fór að lækka, og dæmi eru um að fólk bíði í röðum í matvörubúðum til að kaupa vörur sem það endurselur svo til að hagnast. AFP-fréttaveitan greinir frá því að hamborgari kosti nú 170 Bandaríkjadali í Venesúela, eða sem nemur 21 þúsund íslenskum krónum. Þetta er hærra en lágmarksmánaðarlaun í landinu. Í síðasta mánuði þurfti að loka Empreas Polar, stærsta brugghúsi Venesúela, vegna skorts á byggi.

Ofan á efnahagsóstöðugleika bætist svo pólitískur óstöðugleiki. Mikil ósátt er um forsetann Nicolas Maduro sem tók við eftir fráfall Hugo Chavez árið 2013. Alejandro Velsco, sérfræðingur í sögu Venesúela, segir í samtali við Al Jazeera að hann sé ekki bjartsýnn á framhaldið þar sem stjórnvöld hafi ekki náð að setja fram alvörulausn á efnahagskreppunni, heldur í staðinn einbeitt sér að því að reyna að hækka olíuverð. Stjórnvöld hafa ekki heldur varpað fram hugmyndum um leiðir sem myndu gera ríkið minna háð olíuverði. Vinsældir Maduro fara dvínandi. Á einni viku söfnuðust tvær milljónir undirskrifta á undirskriftalista þar sem hvatt var til afsagnar hans. saeunn@frettabladid.is




Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**

**3.360.000 kr.**

**Sjálfskiptur: 3.560.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði











**Gasgrill Q2200**
Ryðfrír brennari, 3,51 kW/klst.
Grillflötur 54 x 39 cm.
Hitamælir í loki. Vagn fylgir.

**55.995.-**

## Allt frá grillpinnum til hágæða gasgrilla

Við erum sérfræðingar í grillum og erum með eitt mesta úrval landsins af grillum og fylgihlutum. Hvort sem þig vantar kolagrill, hágæða gasgrill eða fylgihluti, þá getur þú verið viss um að finna það hjá okkur. Starfsfólk okkar er reiðubúið að aðstoða þig **- grillum saman á betra verði í sumar.**




**Smokey Joe Premium**
Frábært kolagrill í ferðalagið.Grillflötur 37 cm. Postulín-glerungshúðað lok ogskál. Hitastýring í loki og skál. Lokahaldari.




**Gasgrill Q1200**
Ryðfrír brennari, 2,64 kW/klst. Grillflötur 42 x 32 cm. Slanga og þrýstijafnarifyrir gaskút fylgja.




**Gasgrill Q3200**
2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 63 x 45 cm, efri grind 44 x 11 cm. Tvískiptar grillgrindur úr pottjárni. Lok og botn úr álsteypu. Grátt. Hitamælir í loki. Niðurfellanleg hliðarborð.




**Gasgrill Spirit E-310 Classic**
3 ryðfríir brennarar. Grillflötur: 61 x 45 cm. 4 hjól 2 læsanleg. Postulín-glerungshúðaðar bragðburstir.




**Gasgrill Spirit E-310 Premium**
3 ryðfríir brennarar, 9,36 kW/klst. Grillflötur 61 x 45 cm, postulínsglerungshúðaðar bragðburstir.




**Spirit S-310 Premium gasgrill**
3 ryðfríir brennarar, 9,36 kW/klst. Grillflötur 61 x 45 cm, ryðfríar bragðburstir. Lok úr ryðfríu stáli. Þykk álsteypa í botni og á hliðum í loki. 4 hjól, þar af 2 læsanleg.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Að drukkna í óvelkomnum umbúðum

**Nauðsynlegt er að endurskoða dreifingu vöru á milli framleiðenda, birgja og neytenda til að minnka gríðarlegt magn umbúða sem fylgir viðskiptum. Eigandi Hótels Fljótshlíðar segir erfitt að fylgja sjálfbærnistefnu og uppfylla skilyrði Svansvottunar.**



Pappagámur hótelsins er tæmdur reglulega, en það dugir bara ekki alltaf til. MYND/ARNDÍS

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



„Við erum að drukkna í umbúðum en það á við um fjölmarga aðra – kannski alla,“ segir Arndís Soffía Sigurðardóttir, ferðaþjónustubóndi og lögfræðingur. Hún er eigandi Hótels Fljótshlíðar sem hefur verið rekið eftir sjálfbærnistefnu allt frá árinu 2007, en engir opinberir hvatar eru til þess að reka ferðaþjónustufyrirtæki undir slíkri stefnu. Arndís vill að dreifingarkerfi vöru á milli framleiðenda, birgja og neytenda verði hugsað upp á nýtt í þeim tilgangi að minnka umbúðanotkun og sóun.

**Svansvottun**

Árið 2014 náði Hótel Fljótshlíð því mikilvæga markmiði að hljóta umhverfisvottun Norræna svansins og var hótelið þá fyrst íslenskra fyrirtækja til að standast nýjar og hertar kröfur þessa opinbera umhverfismerkis Norðurlandanna. Helstu áherslur Svansins eru á ákveðna umhverfisþætti sem fyrirtæki hefur áhrif á í daglegum rekstri sínum og er sérstaklega horft til neyslu vatns, rafmagns, efnanotkunar og losunar úrgangs frá fyrirtækjum. Keppt er að því að draga úr þessum umhverfisáhrifum við rekstur fyrirtækja ár frá ári. Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfis- og auðlindafræðingur, leiddi vinnu við Svansvottunina en hún er jafnframt umhverfisstjóri hótelsins.

„Við höfum nú staðist kröfur þessa árs og það er mikil ánægja sem fylgir því að horfa á minni rafmagnsnotkun, sorp léttast og efnanotkun minnka ár frá ári. Það virðist alltaf vera hægt að gera betur, bæði fyrir umhverfið og rekstur fyrirtækisins,“ segir Arndís en hefur á orði að ekki sé andskotalaust að ná slíkum árangri. Þegar komi að því að uppfylla þær kröfur sem Svansvottun hótelsins krefst þá sé róðurinn þungur. Til viðbótar séu áskoranir landsbyggðarinnar fleiri en í þéttbýlli samfélögum líkt og í höfuðborginni.

**Pappakassar**

„Þegar kemur að losun og flokkun úrgangs þá eigum við sem erum staðsett á landsbyggðinni færri kosti en þau fyrirtæki sem eru á höfuðborgarsvæðinu, ég tala nú ekki um þau sem eru í dreifbýli eins og Hótel Fljótshlíð en sveitarfélög veita afar mismunandi þjónustu þegar kemur að losun og flokkun úrgangs. Þrátt fyrir að við leggjum mikið upp úr því að rækta okkar eigið kjöt og grænmeti eins og frekast er kostur þá komumst við ekki hjá því að fá aðföng flutt til okkar. Þau eru flutt landleiðina, aðallega frá Selfossi og Reykjavík,“ segir Arndís en bætir við að aðföng komi nær undantekningarlaust í pappakössum og jafnvel líka í plastumbúðum, hvort sem um er að ræða grænmeti, mjólkurvörur, sápur eða annað.

Þá tekur við áskorun Svansvottaðs hótels, að halda sér innan marka varðandi umbúðanotkun. Arndís segir að jafnvel þótt færri kostir í flokkun sorps og úrgangs á landsbyggðinni geri það erfiðara fyrir einstaklinga og fyrirtæki að vera umhverfisvæn sé það kannski ekki hinn raunverulegi vandi þegar horft er á stóru myndina.

„Þjónusta sem felst í aukinni flokkun er kostnaðarsöm og leysir ekki hinn raunverulega vanda sem er ofnotkun umbúða, hvort sem það er bylgjupappi, plast eða annað. Það er vandinn sem verður að leysa, t.d. með notkun fjölnota kassa og með skilagjaldi ef þarf, frekari afhendingu á grænmeti í lausu og svo framvegis. Óþarfar umbúðir eru verðmætasóun frá upphafi ferlisins til enda. Óþarfar umbúðir kalla á fjölgun kosta í flokkun sem er ekkert annað en kostnaðarsamt viðbragð samfélagsins við aukinni sorpmyndun þegar í raun ætti samfélagið að leggja fram þá kröfu að nota ekki óþarfar umbúðir,“ segir Arndís.

> **Óþarfar umbúðir kalla á fjölgun kosta í flokkun sem er ekkert annað en kostnaðarsamt viðbragð samfélagsins við aukinni sorpmyndun þegar í raun ætti samfélagið að leggja fram þá kröfu að nota ekki óþarfar umbúðir.**
>
> Arndís Soffía Sigurðardóttir, eigandi Hótels Fljótshlíðar



Uppbygging núverandi kerfis er með þeim hætti að framleiðandi fær hráefnin send í umbúðum; hann sendir tilbúna vöru til birgja í umbúðum og birgjar senda vörurnar svo áfram til notandans í umbúðum. Umfang umbúðanna er orðið mikið þegar vörurnar ná áfangastað.

„Á hverjum viðkomustað ber hver og einn ábyrgð á umbúðunum þannig að notandinn, sem í þessu tilfelli erum við á Hótel Fljótshlíð, ber ábyrgð á umbúðunum utan um þær vörur sem pantaðar eru á staðinn. Það er því í raun enginn hvati í núverandi kerfi til að draga úr umbúðanotkun. Ef kerfinu væri breytt á þann hátt að sá sem sendir beri ábyrgð á umbúðunum, þ.e. að birgjarnir myndu bera ábyrgð á því að sækja allt það plast og pappa sem þeir senda Hótel Fljótshlíð, þá myndi umbúðamagnið minnka hratt. Það myndi leiða af sér nýjungar í endurnýtingu í flutningi. Birgjarnir myndu koma með aðrar hugmyndir en plast og pappa og mikil nýsköpun myndi eiga sér stað,“ segir Elísabet Björney.




## Vill verja tíu prósentum fjárlaga ESB í flóttamenn

**FLÓTTAMENN** Þróunarráðherra Þýskalands, Gerd Muller, segir fyrirkomulag Evrópusambandsins til að bregðast við flóttamannastraumi ófullnægjandi, og leggur til að tíu prósentum af fjárlögum ESB verði varið í það að sinna flóttamönnum. Muller leggur til að skipaður verði sérstakur erindreki til að leiða samhæfða evrópska flóttamannastefnu. „Við þurfum að bregðast við þessu með nýjum tölum og mín tillaga varðandi flóttamannavandann er að tíu prósentum af fjármagni Evrópusambandsins verði varið í það að bregðast við krísunni,“ sagði Muller á World Humanitarian ráðstefnunni í Istanbúl. Tíundi hluti fjármagns ESB nemur um 10 milljörðum evra, eða 1.400 milljörðum íslenskra króna.

Fyrir ári brugðust evrópskir leiðtogar við vaxandi flóttamannastraumi með brotakenndum aðferðum og loforðum, margir þeirra hafa ekki náð að efna loforð sín eða hafa ekki brugðist nógu hratt við.



Einungis eitt prósent þeirra flóttamanna sem átti að flytja frá Grikklandi og Ítalíu hefur verið flutt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í september lofuðu Evrópusambandsríkin að flytja 120 þúsund flóttamenn frá Grikklandi og Ítalíu til annarra landa, en hingað til hefur einungis eitt prósent þeirra verið flutt. Sömuleiðis hefur einungis einn sjötti fjármagnsins sem evrópskir og vestrænir leiðtogar lofuðu að senda til Mið-Austurlanda sem hýsa stóran hluta flóttamanna skilað sér. **– sg**

RÚMFÖT | BARNADÚNSÆNGUR | ILMVÖRUR | ELDHÚSVÖRUR | BARNAFÖT | O.M.FL.

40%
AFSLÁTTUR

RÝMUM FYRIR
NÝJUM VÖRUM

25.-29. maí

GILDIR AÐEINS Í
VERSLUNUM OKKAR Á
LAUGAVEGI, GLERÁRTORGI
OG Í KRINGLUNNI

Lín
DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Okur utan ESB



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Afar forvitnilegt getur verið að fylgjast með umræðu í Bretlandi um áhrif mögulegrar útgöngu landsins úr Evrópusambandinu. Á ýmsan hátt endurspeglar umræðan nefnilega vangaveltur hér heima um kost og löst á inngöngu í sambandið.

Þannig hafa nú bresku bændasamtökin, National Farmers Union eða NFU, tekið undir orð Davids Cameron, forsætisráðherra landsins, um að úrsögn úr Evrópusambandinu myndi þegar í stað hafa áhrif til hækkunar matvælaverðs. Nokkuð sem þannig séð gæti komið bændum ágætlega.

Í nýrri umfjöllun á vef NFU vísar varaformaður samtakanna, Martin Haworth, til rannsóknar sem Wageningen-háskóli í Hollandi gerði að beiðni NFU og nefnist British Agriculture; The implications of a UK exit from the EU, sem bendi til þessarar niðurstöðu.

„Ástæðan er að ef við [breskir bændur] stöndum fyrir utan innri markað Evrópu – þaðan sem þrír fjórðu af matvælainnflutningi okkar kemur – þá eykst kostnaður við innflutninginn og þar með hækkar matvælaverð,“ er eftir honum haft á vef bændasamtakanna. „Þessi verðáhrif myndu svo magnast ef sterlingspundið myndi veikjast verulega gagnvart evru.“

Haworth bendir á að hærra matvælaverð væri í sjálfu sér slæmar fréttir fyrir neytendur, en ekki endilega fyrir bændur. „Þeir sem helst tala fyrir úrsögn úr ESB segja hins vegar að matvælaverð komi til með að lækka vegna þess að við myndum hafa meira frelsi til viðskipta við aðra hluta heimsins.“ Þessu hafi íhaldsþingmaðurinn Michael Gove til dæmis nýverið haldið fram. „Þannig að líkleg viðbrögð við mögulegri hækkun matvælaverðs hjá nýrri ríkisstjórn væru að draga einhliða úr tollum til þess að halda matvælaverði til almennings lágu.“

Slík þróun hugnast Haworth hins vegar ekki því þá myndi breskur markaður opnast vörum sem kynnu að vera framleiddar undir öðrum og mögulega lakari stöðlum en miðað sé við í Bretlandi. „Og eins og kemur fram í rannsókn Wageningen þá myndi þetta draga verulega úr tekjum bresks landbúnaðar á öllum sviðum.“

Bresku bændasamtökin eru því, þegar málið hefur verið skoðað, andsnúin útgöngu úr Evrópusambandinu.

Hér heima eru Bændasamtökin hins vegar mótfallin inngöngu í sambandið, enda kannski ekki tilefni til annars, því íslensk stjórnvöld hafa til þessa ekki sýnt mikinn vilja til einhliða aðgerða sem lækkað gætu matvælaverð í landinu.

Framkvæmdin við álagningu og úthlutun tollkvóta sem þó er heimilt að nýta hér er til dæmis þannig að hún ýtir fremur undir hærra verð en hitt.

Nýjar kannanir í Bretlandi sýna að þeim sem vilja halda sig í Evrópusambandinu vex ásmegin, en núna virðast 55 prósent Breta styðja áframhaldandi aðild á meðan 42 prósent vilja úrsögn.

Kannski þyrfti að kíkja eitthvað betur á rökin með og á móti aðild þegar kemur að íslenskum landbúnaði. Í það minnsta virðast breskir bændur ekki of kvaldir í sambandinu, og njóta þó ekki norðurslóðastuðnings sem íslenskir bændur gætu notið.

> **Framkvæmdin við álagningu og úthlutun tollkvóta sem þó er heimilt að nýta hér er til dæmis þannig að hún ýtir fremur undir hærra verð en hitt.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Hver er þessi Tryggvi?**

**Umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, hefur gögn undir höndum sem varpa ljósi á þátttöku þýsks banka í sölu Búnaðarbankans árið 2003. Þessi tíðindi gætu haft veruleg áhrif á forsetaframboð Davíðs Oddssonar sem var forsætisráðherra þegar Búnaðarbankinn var seldur. Tryggvi umboðsmaður og Davíð eiga sér sögu átaka. Síðast árið 2014 þegar Davíð skrifaði í Morgunblaðið um tölvupóst frá tryg49@hotmail.com sem Davíð taldi að væri frá umboðsmanni, en reyndist vera frá alnafna hans. Í þetta skiptið þarf Davíð ekki að efast um það hvaða Tryggvi sendi bréfið.**

**Gullfiskarnir**

**Stjórnarþingmenn, einkum þingmenn Framsóknarflokksins, segja kosningar í haust ótímabærar og vanhugsaðar. Þvert á loforð ríkisstjórnarinnar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmenn Framsóknarflokksins, eru nýjustu farþegar vagnsins sem vill að kjörtímabilið klárist í vor. Þar með er treyst á gullfiskaminni íslensku þjóðarinnar sem þau vona að sé búin að gleyma skattaskjólsmálunum. En spurning hvort gullfiskurinn í þessari jöfnu sé ekki Framsóknarflokkurinn sem í apríl tókst að safna algjörum metfjölda mótmælenda gegn sér á Austurvelli.**

snaeros@frettabladid.is

# Eiturbras



Úrsúla Jünemann
leiðsögumaður og fv. kennari

Nú er þessi yndislegi tími kominn þar sem íbúar landsins huga að görðunum sínum. Þetta er besti tími ársins fyrir mig og gaman að gramsa í moldinni, drullug upp fyrir haus.

En sumir ætla að stytta sér leiðina og fá fallegan garð án mikillar fyrirhafnar. Enn eru fyrirtæki á ferð sem bjóða garðaúðun til að drepa „allar pöddur“ sem gætu nagað einhver laufblöð. Og enn eru seldir á fullu illgresiseyðir, mosaeyðir og alls konar eyðar sem vinna á óæskilegum gróðri. Að eyða til dæmis lúpínu með eitri er því miður ennþá stundað. Mörg þessara efna eru skaðleg heilsu manna. Roundup (glyphosfat) til dæmis er krabbameinsvaldandi, þótt framleiðendur neiti því.

Menn sem nota slík efni gera sér ekki grein fyrir því hve viðkvæm vistkerfin eru fyrir inngripi manna. Í vistkerfum tengist allt saman og ef við drepum eina tegund þá hefur það áhrif á margar aðrar tegundir og líka þær sem eru okkur þóknanlegar og gagnlegar. Með því að úða eitri á lirfur skemmum við afkomu fuglanna sem lifa á þeim og valda þeim heilsutjóni sem eru okkar helstu samherjar í garðyrkjunni. Í útlöndum er býflugnadauði í stórum stíl rakinn til eiturúðunar. En þegar býflugur frjóvga ekki lengur blómin þá fáum við enga ávexti.

Ástfóstur við eitrið gengur svo langt að sumir vilja eitra fyrir músum og rottum sjálfir (sem er að vísu bannað). Ég missti kött um árið vegna þess að hann át eitraða mús og dó kvalafullum dauða. Þannig missti ég góðan músaveiðara. Á sumarbústaðarlandinu mínu fann ég nýdauða branduglu og í ljós kom að hún drapst einnig sökum eiturs sem var dreift til að minnka músaganginn. Hvaða vit er í því að lífverur sem eru að vinna með okkur séu drepnar út af eiturbrasi? Við getum skoðað lífríkið alveg út frá minnstu örverunum og alveg upp alla fæðukeðjuna: Allt spilar saman og hefur sinn tilgang. En stærstu rándýrin (við mennirnir) ætla ekki ennþá að gera sér grein fyrir þessu.

Gleðilegt eiturlaust sumar.

> **Menn sem nota slík efni gera sér ekki grein fyrir því hve viðkvæm vistkerfin eru fyrir inngripi manna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



# Um femínisma Biblíunnar og „bastarða“



Rúnar M. Þorsteinsson
prófessor í nýjatestamentisfræðum við HÍ

**Flest bendir til þess að staða kvenna hafi verið fremur sterk í upphafi frumkristni, a.m.k. á mælikvarða þess tíma.**

Venjulega þykir mér það ekki þess virði að bregðast við sleggjudómum fundamentalista eins og bandaríska suðurríkjaprestsins Stevens Anderson sem hér um daginn talaði um Íslendinga sem „bastarðaþjóð“ (í neikvæðri merkingu) vegna hárrar tíðni íslenskra barna sem fæðast utan hjónabands, og fullyrti auk þess að femínismi og Biblían færu ekki saman. En fullyrðingar þessar gefa ágætt tilefni til að kanna trúverðugleika og samhengi slíkra fullyrðinga. Eiga femínismi og Biblían samleið? Og hvað má segja um „bastarða“ Biblíunnar? Hér skal einblínt á Nýja testamentið (Nt) og frumkristni.

Flest bendir til þess að staða kvenna hafi verið fremur sterk í upphafi frumkristni, a.m.k. á mælikvarða þess tíma. Elstu rit Nt, bréf Páls postula, bera því vitni að konur hafi verið postular og leiðtogar í sumum af hinum fyrstu kristnu söfnuðum, konur eins og Föbe, Priska, María, Tryfæna, Tryfósa, Persis, móðir Rúfusar, Júlía, systir Nerevs, og síðast en ekki síst Júnía, sem „skarar fram úr meðal postulanna“ og gekk Kristi á hönd á undan Páli (Róm 16:1-15).

Guðspjöllin vitna líka um sterka stöðu kvenna: Jafnvel þótt postularnir tólf hafi verið karlkyns greina guðspjöllin frá því að þegar á reyndi hurfu postularnir af vettvangi og eftir stóðu konurnar sem fylgdu Jesú alla leið á krossinn og voru auk þess fyrstu vottar upprisunnar. Þegar textar Nt eru skoðaðir nánar verður það ljóst að það er síðar í sögu frumkristni sem karlar taka að ýta konum til hliðar. Þetta sýna yngstu textar Nt, eins og Hirðisbréfin (1-2 Tím og Tít, sem eignuð eru Páli, en Páll skrifaði ekki), þar sem staða kvenna hefur greinilega breyst til hins verra, ásamt textum eins og 1 Kor 14:33b-36 (þar sem konum er sagt að þegja á safnaðarsamkomum), sem margir nýjatestamentisfræðingar eru sammála um að sé seinni tíma viðbót við texta Páls. Femínismi og Biblían virðast því fara ágætlega saman.

En hvert skyldi svar Nýja testamentisins vera við fullyrðingu suðurríkjaprestsins um Íslendinga sem „bastarðaþjóð“? Athugum hvað sagt er um aðalpersónu Nt, Jesú frá Nasaret. Elsta guðspjall Nt, kennt við Markús, inniheldur enga fæðingar- eða bernskufrásögn, heldur birtist Jesús sem fullorðinn maður í upphafi guðspjallsins. Faðir Jesú, sem í Matteusi og Lúkasi er nefndur Jósef, er ekki nefndur í Markúsi. Í Mark 6:3 er Jesús kenndur við móður sína, Maríu, og bræður hans og systur eru tilgreind, en faðirinn hvergi nefndur. Matteusar- og Lúkasarguðspjall byggja bæði á Markúsi, en í þeim guðspjöllum hafa fæðingar- og bernskufrásagnir af Jesú bæst við. Samkvæmt þeim frásögnum var Jósef einungis stjúpfaðir Jesú, þar sem sá síðarnefndi var getinn með yfirnáttúrulegum hætti, utan hjónabands. Jósef kemur auk þess einungis fyrir í upphafi þessara guðspjalla, en hann hverfur svo nær alfarið af vettvangi.

Í Matt 13:55 er Jesús sagður vera „sonur smiðsins“ (upphaflega „smiðurinn“, í Mark 6:3) sem líklega á við stjúpföður hans, Jósef, en það er einungis María, móðir hans, sem er nefnd á nafn, auk bræðra hans. Svipaða sögu er að segja um Lúkas: Jesús er getinn með yfirnáttúrulegum hætti, utan hjónabands, og Jósef, stjúpfaðir Jesú, kemur eingöngu fyrir í upphafi guðspjallsins. Á fullorðinsárum Jesú eru það m.ö.o. einungis móðir hans og systkini sem láta sig hann varða. (Jóhannesarguðspjall er yngst guðspjalla Nt og síður áreiðanlegt sögulega séð.)

**Spurningarmerki**

Ef marka má þessar frásagnir má þannig setja spurningarmerki við það álit að Jósef hafi verið raunverulegur faðir Jesú – ef hann var þá raunveruleg persóna yfirleitt. Ef hann var raunverulegur faðir Jesú eru líkur á því að hann hefði fengið annars konar og ítarlegri umfjöllun en raun ber vitni – munum að í elsta guðspjallinu er ekki minnst á hann einu orði. Matteus og Lúkas virðast auk þess ekki eiga í neinum vandkvæðum með þá söguskýringu að Jósef hafi einungis verið stjúpfaðir Jesú.

Vissulega kann Jósef að hafa verið raunverulegur faðir Jesú, líkt og margir nýjatestamentisfræðingar telja. En þau atriði sem ég hef nefnt hér fyrir ofan, þ. á m. alger þögn Markúsar, kunna að benda til þess að svo hafi ekki verið. Það má sem sagt færa rök fyrir því að Jesús frá Nasaret hafi verið getinn utan hjónabands. Með öðrum orðum, hvað svo sem segja má um börn sem fæðast við slíkar aðstæður, í sögulegu ljósi má leiða líkur að því að Jesús hafi sjálfur verið „bastarður“. Sú niðurstaða setur fullyrðingu suðurríkjaprestsins um Íslendinga sem „bastarðaþjóð“ í samhengi sem hann hefur væntanlega ekki gert ráð fyrir.

# Verslunin lækkar vöruverð í samræmi við niðurfellingu tolla – Auðvitað



Margrét Sanders
formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu

Um síðustu áramót var tekið stórt skref til eflingar verslunar á Íslandi þegar tollar á fötum og skóm voru afnumdir og ber að þakka stjórnvöldum fyrir framsýnina.

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) fögnuðu auðvitað þessari ákvörðun og var strax farið af stað með verslunum innan samtakanna að undirbúa þessa miklu aðgerð. Gerð var greining á því hversu hátt hlutfall af fötum og skóm bæru nú þegar ekki tolla, s.s. vegna fríverslunarsamninga og annarra milliríkjasamninga, og kom í ljós að um 35% af þessum vörum báru engan toll, þ.e. voru þá þegar tollfrjálsar. Fundað var með verslunareigendum og var mikill hugur í mönnum að sýna og sanna að þessi leið væri hagstæð fyrir neytendur og myndi skila sér í lækkuðu verði á þeim vörum sem en báru tolla.

Strax fór að bera á því að ákveðnir aðilar voru mjög svo gagnrýnir á þessa ákvörðun stjórnvalda og sögðu beinlínis að verslunin myndi „stela“ þessari niðurfellingu og bar þar hæst skoðun Bændasamtakanna, örfárra þingmanna og einnig heyrðust gagnrýnisraddir frá ASÍ. Þetta kom verulega á óvart þar sem gerðar höfðu verið kannanir sem sýndu að fata- og skóverslun á Íslandi var stöðugt að færast til útlanda og að þessar breytingar myndu einna helst koma tekjulægri einstaklingum til hagsbóta sem kaupa þessar vörur á Íslandi.

Margar verslanir lögðu mikla vinnu í að upplýsa neytendur um verðlækkun og það mátti sjá í fjölda áberandi merkinga verslana þar sem kom fram verð fyrir niðurfellingu tolla og verð eftir niðurfellinguna. Þetta framtak er til fyrirmyndar.

Þegar rýnt er í síðustu mælingar Hagstofu Íslands kemur í ljós að um 4% lækkun hefur verið á þessum vörum. Samkvæmt frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra sem tollalækkunin grundvallast á var búist við að um 10-13% lækkun yrði á fötum og skóm sem þá báru tolla, það ítrekast að ekki var um að ræða allar vörur því eins og að framan segir þá bar hluti þeirra ekki tolla. Hafa skal hugfast að 4% lækkun er örlítið meiri lækkun en efnahagssvið SA gerði ráð fyrir á þessum tímapunkti sem áhrif af þessum tollalækkunum þar sem litið var m.a. til kostnaðarsamra kjarasamninga og veltuhraða á þessum vörum, eitthvað sem gagnrýnisraddir í garð verslunarinnar hafa einhverra hluta vegna ekki tekið tillit til í sínum útreikningum.

Við hjá SVÞ erum sannfærð um að verðlækkun á fötum og skóm verður meiri. Samkeppnin á þessum markaði er ekki einungis á Íslandi heldur er hún alþjóðleg og því skiptir það okkur öll máli að verð og framboð verði sambærilegt við þau lönd sem við berum okkur saman við. Á móti kemur að aðhald með verslun verður að byggjast á réttum upplýsingum og málefnalegum rökum og ekki sett fram gegn betri vitund enda skaðar slíkt ekki einungis þá aðila sem treysta á þá starfsemi, s.s. starfsfólk. Því vonumst við eftir, með allri auðmýkt, að neytendur og þau samtök sem bera hag þeirra fyrir brjósti treysti okkur þegar við segjum: Verslunin lækkar vörur í samræmi við niðurfellingu tolla – auðvitað.

**Strax fór að bera á því að ákveðnir aðilar voru mjög svo gagnrýnir á þessa ákvörðun stjórnvalda og sögðu beinlínis að verslunin myndi „stela“ þessari niðurfellingu og bar þar hæst skoðun Bændasamtakanna, örfárra þingmanna og einnig heyrðust gagnrýnisraddir frá ASÍ.**

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

**Ársfundur**
Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 26. maí nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Dagskrá**

1 Skýrsla stjórnar
2 Kynning ársreiknings
3 Tryggingafræðileg athugun
4 Fjárfestingarstefna sjóðsins
5 Kosning stjórnar og varamanna
6 Kjör endurskoðanda
7 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8 Laun stjórnarmanna
9 Önnur mál

Á fundinum verður m.a. kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára.
Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast á frjalsi.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Svikin loforð menntamálaráðherra



**Guðríður Arnardóttir**
formaður Félags framhaldsskólakennara

Alvarleg rekstrarstaða framhaldsskólanna er augljós. Það er líka orðið ljóst að loforð um umbætur eru orðin tóm af hálfu menntamálaráðherra.

Skólameistarar í framhaldsskólunum hafa nú bent réttilega á að staðan sé orðin svo alvarleg að ekki sé til inneign fyrir helstu rekstrargjöldum og jafnvel ekki heldur launum starfsfólks en laun eru langstærsti rekstrarliður framhaldsskólanna.

Það er nefnilega þannig að svokölluð launastika ræður því hvernig fjármunum er úthlutað til framhaldsskólanna. Launastikan verður að endurspegla starfsmannahald hvers skóla sem getur verið nokkuð mismunandi. Meðalaldur kennara hækkar til dæmis launakostnað þar sem reyndari kennarar eru á hærri launum. Hátt menntunarstig getur að sama skapi aukið launakostnað, stærð eða smæð skóla hefur áhrif sama skapi og verður launastikan að taka tillit til þess ef kerfið á að virka. Það gerir hún ekki eins og staðan er í dag. Launastika framhaldsskólanna er vægast sagt í algjöru rugli. Hún endurspeglar á engan hátt launakostnað og hefur í raun verið notuð til þess að þrengja að rekstri framhaldsskólanna.

> **Hvaða faglega metnað hefur menntamálaráðherra fyrir hönd framhaldsskólans í landinu? Er það skipulögð leikflétta að horfa bara í hina áttina þegar framhaldsskólarnir geta ekki rekið sig með tilheyrandi þjónustuskerðingu við nemendur?**

Framlög til skólanna hafa verið keyrð niður án þess að málefnaleg rök liggi þar til grundvallar sem réttlæta slíkt.

Í kjarasamningum framhaldsskólakennara frá árinu 2014 var fjárhagsstaða framhaldsskólanna til umfjöllunar enda staðan þá löngu orðin með öllu óverjandi. Þá eins og nú var víða ekki hægt að skrapa saman fyrir rekstrargjöldum eins og rafmagnsreikningum.

Við samningaborðið vorið 2014 var skilyrði af hálfu forystu framhaldsskólakennara, svo samningar tækjust, að endurskoða launastiku framhaldsskólanna enda töldum við ekki hægt að búa við það að fjárhagur framhaldsskólanna væri svo aðframkominn að ekki tækist að skrapa saman fyrir launum starfsfólks. Þótt fjármálaráðherra sé í raun samningsaðili við Kennarasamband Íslands af hálfu ríkisins er það auðvitað fagráðherrann sem ber ábyrgð á rekstri framhaldsskólanna. Og til að liðka fyrir samningum þá skrifaði menntamálaráðherra undir eftirfarandi bókun:



Færa reiknilíkan framhaldsskóla í rétt horf með áherslu á að grunnbreytur endurspegli launakostnað sem réttast á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að endurskoðun reiknilíkansins verði lokið á fyrrihluta árs 2015.

Félag framhaldsskólakennara hefur ítrekað spurt frétta af þessari endurskoðun reiknilíkansins en fátt verið um svör innan úr menntamálaráðuneytinu. Nú er ár liðið síðan þessari endurskoðun átti að vera lokið og kjarasamningur framhaldsskólakennara rennur út 31. október næstkomandi.

Hvaða faglega metnað hefur menntamálaráðherra fyrir hönd framhaldsskólans í landinu? Er það skipulögð leikflétta að horfa bara í hina áttina þegar framhaldsskólarnir geta ekki rekið sig með tilheyrandi þjónustuskerðingu við nemendur? Hvernig eigum við að treysta orðum ráðherra sem svíkur loforð og gerða samninga?

Ég kalla eftir skýringum frá menntamálaráðherra um hvers vegna launastika framhaldsskólanna hefur ekki verið færð í rétt horf og hvers vegna rekstur skólanna er enn undir þolmörkum þrátt fyrir yfirlýsingar um að meginbreytingar á fyrirkomulagi náms til stúdentsprófs eigi að bæta rekstrarniðurstöðu skólanna. Það dugar ekki að kenna fjármálaráðuneytinu um – ráðherra menntamála ber ábyrgð á sínum málaflokki og að tryggja honum fjármuni.



CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
2.690.000 KR.
STÓRGLÆSILEGUR
300.000 KR.
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ



**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*





Hrafnhildur Lúthersdóttir fékk verðlaun í öllum þremur einstaklingsgreinum sínum á Evrópumótinu í London. Hér er hún með annað silfrið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ómögulegt að hætta núna

**Sunddrottningin Hrafnhildur Lúthersdóttir var ekki viss um framtíð sína í íþróttinni fyrir tveimur árum en nú stefnir þessi þrefaldi verðlaunahafi frá EM í 50 metra laug á verðlaunapall á Ólympíuleikunum í Ríó.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**SUND** Á sunnudaginn vann Hrafnhildur Lúthersdóttir, 25 ára sunddrottning úr Hafnarfirði, sín þriðju verðlaun á Evrópumótinu í 50 metra laug í London. Hún synti sig þrisvar sinnum á verðlaunapall, fyrst íslenskra kvenna á EM 50, á mótinu og hélt íslenska sundvorinu gangandi eftir glæsilegan árangur Eyglóar Óskar Gústafsdóttur á EM í 25 metra laug í fyrra.

Í gær var Hrafnhildur mætt á æfingu hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar í Ásvallalaug. Beygja, kreppa, sundur saman og allur pakkinn. Aftur í æfingalaugina enda undirbúningur nú kominn á fullt fyrir Ólympíuleikana í Ríó. Eftir æfinguna gaf þessi magnaða íþróttakona og heillandi stúlka sér tíma til að ræða við blaðamenn en hún hefur ekki upplifað svona athygli áður.

„Ég er enn þá að venjast þessari tilfinningu. Það var líka frábært að koma heim og fá þessar móttökur frá fjölskyldu og vinum. Það var eiginlega þá sem allt helltist yfir mann og maður áttaði sig á hversu stórt þetta er," sagði Hrafnhildur brosmild með blautt hárið eftir góða æfingu. Hún er svona rétt núna að meðtaka hvað hún afrekaði í London.

„Þetta er frekar spes en maður hefur samt engan tíma til að vera að fagna þessu á meðan á mótinu stendur því það var í raun hluti af undirbúningi fyrir stærra mót sem er ÓL í Ríó. Þetta var gaman og maður fékk spennufall á kvöldin þegar maður áttaði sig á hvað maður hafði gert en síðan þurfti ég bara að einbeita mér að næsta sundi," segir Hrafnhildur.

### Alltaf verið draumurinn

Síðasta ár hefur verið mjög gott fyrir Hrafnhildi en í fyrra varð hún fyrsta íslenska konan sem komst í úrslit á HM í 50 metra laug. Hún synti svo vel fyrir háskólann sinn í Bandaríkjunum og var undir lok síðasta árs valin í úrvalslið Evrópu ásamt Eygló Ósk sem mætti Bandaríkjunum á móti vestanhafs.

„Ég vil meina að hausinn á mér sé í betra standi en áður," segir Hrafnhildur aðspurð hverju hún þakki árangurinn. „Það er ekki að ég hafi ekki lagt mikið á mig í gegnum tíðina en nú er ég að leggja meira á mig og að fatta betur þótt aukaæfingar til dæmis geti verið erfiðar og leiðinlegar hvað þær skipta miklu máli. Ég væri ekki hérna nema að fara í gegnum þessar erfiðu æfingar. Þegar maður er með hausinn í lagi getur maður allt."

Draumurinn hjá Hrafnhildi var alltaf að komast á verðlaunapall á EM. „Mér fannst það alltaf svona gerlegra en að komast á pall á HM," segir hún og heldur áfram: „Þegar ég komst svo í úrslit á HM sá ég alveg að ég var nálægt þessu."

Hrafnhildur sér núna að hún er á meðal bestu sundkvenna heims en fyrir tveimur árum sá hún ekki fram á mikinn frama í sportinu. „Fyrir tveimur árum hefði ég kannski sagt að Ólympíuleikarnir í Ríó væru mínir síðustu og mig langaði bara að standa mig vel. Markmiðið hefði kannski verið að komast í undanúrslit en núna eftir þetta síðasta ár og hvernig það gengur þá held ég að það sé ómögulegt fyrir mig að hætta."

### Aftur til Bandaríkjanna

Hrafnhildur keppir í Noregi um helgina og kemur svo heim í einn dag áður en hún fer aftur til Bandaríkjanna þar sem hún er að festa rætur. Hún útskrifaðist úr Flórída-háskóla með gráðu í almannatengslum á síðasta ári og stefnir á að finna sér vinnu ytra eftir Ólympíuleikana. Eftir skólann hefur hún algjörlega einbeitt sér að sundinu.

„Ég var rosalega ánægð fyrst með að ég væri bara að fara að synda. Það var gaman fyrstu tvo mánuðina en nú hef ég verið að hugsa hvort ég ætti að finna mér eitthvert annað áhugamál. Ég hef 4-5 tíma á milli æfinga þar sem ég hef ekkert að gera. En það er líka gott því öll einbeitingin mín er á sundinu og þá hef ég líka tíma til að taka þessar aukaæfingar sem skapa meistarann þannig að ég hef verið að gera jógaæfingar og hugsa betur um mataræðið," segir Hrafnhildur sem ætlar að halda sömu dagskrá og hefur verið hjá henni undanfarna mánuði.

„Þetta hefur gengið svona vel hingað til þannig að ég ætla að halda sömu rútínu en svo veit ég ekkert hvað ég geri eftir Ólympíuleikana. Kannski fer ég eitthvað annað eða fæ mér vinnu í fyrsta skipti," segir hún og hlær.

Hrafnhildur kynntist kærasta sínum sem er frá Venesúela í skólanum og hann hefur ekki mikinn áhuga á að flytja til Íslands. „Hann segist ekki vera mikið fyrir kulda og veit ekki hvort hann vill koma til Íslands," segir Hrafnhildur en rokið og kuldinn í Hafnarfirði í gær var svo sem ekkert að hjálpa málstað hennar. Nú hefjast stífar æfingar fyrir ÓL í Ríó þar sem markmiðið er einfalt: „Ég stefni að verðlaunum á Ólympíuleikunum. Markmiðið er að synda hratt og hafa gaman af því. Það getur allt gerst ef ég held einbeitingu og hausinn verður í lagi."

### Gaman að tekið sé eftir öðrum íþróttum

Hrafnhildur Lúthersdóttir er nú þegar búin að slá við árangri Eyglóar Óskar Gústafsdóttur sem vann tvenn verðlaun á EM í 25 metra laug undir lok síðasta árs og var valin íþróttamaður ársins. Er það eitthvað sem Hrafnhildi dreymir um?

„Þetta er flottur árangur hjá mér en það er mikið eftir af árinu. Það er líka svo mikið af öðrum frábærum íþróttamönnum. Við á Íslandi erum svo heppin að valið er svona erfitt. Það er ekki alltaf einhver einn sem vinnur alltaf. Það væri auðvitað frábært að verða íþróttamaður ársins. Bara það að vera í þriðja sæti síðast var æðislegt," segir hún, en kveikti það í henni að sjá Eygló með bikarinn?

„Já. Það var svo langt síðan sundmaður vann síðast og líka kona. Svo vorum við tvær í efstu þremur sætunum. Það er bara gaman að það sé tekið eftir öðrum íþróttum. En ég verð ánægð með hvað sem gerist því ég geri þetta aðallega fyrir sjálfa mig," segir Hrafnhildur Lúthersdóttir.

> Fyrir tveimur árum hefði ég kannski agt að ÓL í Ríó væru mínir síðustu.
>
> Hrafnhildur Lúthersdóttir

---





## 16 dagar í EM 2016

Lið Spánverja og Ítala, sem spiluðu úrslitaleikinn á síðasta Evrópumóti (2012), tryggðu sér bæði farseðilinn á EM 6. september á árinu áður en mótið fór fram. Íslenska liðið tryggði sér einmitt líka sinn farseðil á Evrópumótið í Frakklandi 6. september síðastliðinn eftir jafntefli á móti Kasakstan á Laugardalsvellinum. Aðeins þrjár þjóðir voru fljótari að tryggja sig inn á EM 2016 en Ísland eða Frakkland (gestgjafi), England (5. sept.) og Tékkland (6. sept.).

### Pepsi-deild kvenna í fótbolta

**Breiðablik - Þór /KA 1-1**
1-0 Svava Rós Guðmundsdóttir (22.), 1-1 Anna Rakel Pétursdóttir (35.).

**ÍBV - Valur 0-1**
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (33.)

**Stjarnan - Fylkir 0-0**

**KR - FH 0-1**
0-1 Guðný Árnadóttir 14.

**ÍA - Selfoss 0-2**
1-0 Lauren Elizabeth Hughes (30.), 2-0 Lauren Elizabeth Hughes (73.).

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 7 | Þór/KA | 4 |
| FH | 7 | ÍBV | 3 |
| Selfoss | 6 | Fylkir | 2 |
| Breiðablik | 5 | KR | 1 |
| Valur | 5 | ÍA | 0 |

**FH og Stjarnan í efstu tveim í bæði karla og kvenna.**
Magnús Haukur Harðarson
@maggihodd

### LOVÍSA VALIN Í A-LANDSLIÐIÐ

Hin sextán ára gamla Lovísa Thompson hefur verið valin í A-landslið kvenna í handbolta í fyrsta sinn en þrátt fyrir ungan aldur hefur hún verið einn af lykilmönnunum á bak við Íslandsmeistaratitla Gróttu síðustu tvö ár.

Íris Björk Símonardóttir var líka frábær í marki Gróttu og hún gefur aftur kost á sér í landsliðið og þá koma þær Birna Berg Haraldsdóttir og Rut Jónsdóttir aftur eftir meiðsli. Þriðji lykilmaður Gróttuliðsins, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, gat ekki gefið kost á sér vegna meiðsla. Ágúst Þór Jóhannsson valdi alls 19 leikmenn fyrir leikina gegn Frakklandi (1. júní í Valshöllinni) og Þýskalandi (5. júní í Stuttgart), í þriðju umferð riðlakeppni EM. Hópinn má finna inni á visir.is.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **19.50** | **Fjölnir - Valur** | Sport |
| **22.00** | **Pepsi mörk kvenna** | Sport |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. maí 2016

21. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Velt 70 milljörðum frá hruni**
Mikið er í gangi hjá íslenskum kvikmyndaframleiðendum en atvinnugreinin hefur vaxið hratt.

»4
**Fleiri íbúar skýri hærra verð**
Þriðjungur verðhækkunar á fasteignum fyrir hrun var vegna íbúafjölgunar að mati hagfræðings.

»8
**Svipmyndin: Sigríður Bylgja**
Nýr framkvæmdastjóri Pírata vinnur að heimildarmynd um matarsóun og lærði að kafa í Karíbahafi.

»8
**Húsleit í höfuðstöðvum Google**
Frönsk skattayfirvöld gerðu húsleit hjá Google í gær. Þau segja fyrirtækið skulda milljarða í skatta þar í landi.

»10
**Hörð stefna í peningamálum**
Lars Christensen segir að í flestum stærstu ríkjum heims sé peningamálastefnan of hörð.



## Reykjanesbær á kafi í skuldum

Fjárhaldsstjórn er yfirvofandi hjá Reykjanesbæ

Hver íbúi skuldar 2,5 milljónir króna

Fyrri fjárhagsáætlanir fá falleinkunn

»6



## SKJÓÐAN

# Er velkomið að reyna

**NÚ HEFUR ALÞINGI SAMÞYKKT** svokallað haftafrumvarp fjármálaráðherra. Þetta greiðir götu fyrir gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands til að hleypa aflandskrónueigendum úr landi á verulegum afslætti frá gildandi gengi krónunnar.

**MENN GETUR GREINT** á um það hvernig til hefur tekist með uppgjör við kröfuhafa gömlu bankanna en víst er að mjög mikilvægt er að losna við þá snjóhengju aflandskróna, sem útboði Seðlabankans er ætlað að hreinsa út úr kerfinu. Annars verður ógerningur að koma einhverju skikki á gjaldeyrisviðskipti hér á landi án þess að skapa stórhættu fyrir fjármálakerfið og samfélagið allt.

**BER ÞÁ SVO VIÐ** að fulltrúar aflandskrónueigenda halda því fram að með samþykkt laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, eins og haftalögin heita réttu nafni, hafi Alþingi brotið á eignarrétti spákaupmannanna sem eiga aflandskrónurnar. Þetta er fráleitt.

**ÞEIR RÍFLEGA 300 MILLJARÐAR** í aflandskrónum, sem nú á að hleypa úr landi með afföllum, eru beinlínis ástæða þess að gjaldeyrishöft hafa þurft að vera svo ströng sem raun ber vitni. Því er mikilvægt að losa þá út úr kerfinu án þess að sú aðgerð sjálf setji kerfið á hliðina. Þarna liggja brýnir almannahagsmunir.

**ÞÁ VERÐUR LÍKA** að horfa til þess að aflandskrónueigendur hafa notið í ríkulegum mæli ofurvaxtastefnu Seðlabankans allt frá hruni. Vextina hafa þeir mátt taka og skipta í erlendan gjaldeyri og flytja úr landi þó að höfuðstóllinn hafi verið bundinn. Þetta hefur hentað þeim ágætlega og eru vandfundnar fjárfestingar sem gefa betur af sér en einmitt þessar aflandskrónur sem valda okkur Íslendingum svo miklum vanda.

**NÚ ER AFLANDSKRÓNUEIGENDUM** settur stóllinn fyrir dyrnar. Þeir fá ekki lengur að liggja með peningana sína á hæstu vöxtum í heimi hér á Íslandi. Vilji þeir áfram geyma peningana sína hér verða þeir fluttir á vaxtalausa reikninga en þeim gefst einnig kostur á að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans og kaupa evrur á genginu 220, eða þar um bil, sem þýðir ríflega þriðjungs afföll þessara eigna. Auðvitað vilja þeir frekar vera með peningana á hávaxtareikningum en það stendur ekki lengur til boða.

## 36%

### afföll aflandskrónueigenda

Skerðingin sem tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir, annar í Boston og hinn á Wall Street, þurfa að þola samkvæmt lögum um aflandskrónur nemur 36 prósentum en skerðingin nemur 116-119 milljörðum króna miðað við gefnar forsendur. Fulltrúar Eaton Vance Corp. og Autonomy Capital telja að frumvarp ríkisstjórnarinnar um aflandskrónur brjóti gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

## 450

### íbúðir Kletts seldar

Íbúðalánasjóður samþykkti í vikunni tilboð Almenna leigufélagsins eignarhaldssjóðs í Leigufélagið Klett ehf., sem á 450 íbúðir. Almenna leigufélagið er í eigu þriggja fasteignasjóða. Sjóðirnir eru í stýringu hjá fjármálafyrirtækinu Gamma Capital Management. Söluverð var 10,1 milljarður sem er um 1.541 milljón króna umfram bókfært virði leigufélagsins hjá Íbúðalánasjóði.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

RAFVÖRU-VERSLUN
Rafvöruverslun sem flestir þekkja til margra ára er nú fáanleg vegna sérstakra aðstæðna. Reksturinn er stöðugur frá ári til árs, velta 80 mkr. og afkoma góð.
Nánari upplýsingar veitir Gunnar Svavarsson (gunnar@kontakt.is) í tölvupósti eða síma 414 1200.
**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**
KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland
Haukur 01.16



Árið 2013 var besta árið í kvikmyndaframleiðslu hingað til. Það ár voru myndirnar Noah og Walter Mitty teknar upp.

# Sjötíu milljarða velta af kvikmyndaframleiðslu

**Velta vegna kvikmyndaframleiðslu nam 70 milljörðum á tímabilinu 2009 til 2015. Ástæðan er fjölgun erlendra verkefna. Yfirstandandi ár verður eitt það stærsta í sögunni vegna verkefna á borð við Fortitude og Fast 8.**

Kvikmyndaframleiðsla á Íslandi velti yfir 70 milljörðum króna árin 2009-2015 og ársvelta hefur meira en tvöfaldast á því tímabili. Fjöldi starfa í kvikmyndaiðnaði hefur vaxið að sama skapi og eru nú 1.300 störf í greininni.

Hilmar Sigurðsson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, segir að helsta ástæða þessarar veltuaukningar séu þau erlendu verkefni sem hafi komið hingað til lands. „Það eitt og sér er ekki eina ástæðan en þar byrjar vöxturinn. Við sjáum hann 2011 og 2012 og svo er árið 2013 langstærsta árið í greininni,“ segir hann.

Hilmar segir ásókn erlendra kvikmyndaframleiðenda hingað til lands skýrist af þremur þáttum. „Við erum með landslag sem er verið að sækjast eftir í myndunum. Við erum með hæft starfsfólk sem er alið upp í íslenskum kvikmyndaiðnaði og er almennt látið vel af. Svo er það endurgreiðslan. Þetta þrennt þarf að fara saman svo að þetta gangi allt upp,“ segir Hilmar. Hann bætir því

> **Það skiptir miklu máli að vera með lið sem er með mikinn aðgang að fyrirtækjum eða vel efnuðum einstaklingum, það gerist eiginlega ekki öðruvísi.**
>
> **Hilmar Sigurðsson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðanda**



við að ásóknin í kvikmyndað efni, bæði innlent og erlent, hafi aukist mjög mikið. Það skýri líka aukna veltu í kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

Hilmar er bjartsýnn á að íslenskir kvikmyndaframleiðendur geti aftur upplifað ár sem er sambærilegt við árið 2013. „Það eru margar vísbendingar um að árið í ár fari hátt í það – ef ekki yfir það. Það hefur þegar verið Fortitude fyrir austan og svo Fast 8 á Mývatni og Akranesi. Þannig að við sjáum alveg töluvert að gera í framleiðsluhlutanum í greininni.“

Hilmar segir að framleiðendur hafi fundið fyrir tortryggni í fjármála- og bankakerfinu gagnvart þessum hraða vexti.

Að auki komi stundum upp tilfelli þar sem fólk þekkir ekki þær leiðir sem í boði eru til að fjármagna verkefni. Þess vegna standa Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Samtök iðnaðarins fyrir málþingi í Gamla bíói á fimmtudaginn klukkan fjögur.

Þar mun Per Naumann, forstjóri European Film Bonds, fjalla um framboð á ýmiss konar tryggingum í tengslum við fjármögnun kvikmynda. Mads Peter Ole Olsen, forstöðumaður Norðurlandadeildar franska bankans Natixis Coficiné, fjallar um fjármögnun og lán vegna kvikmynda.

**jonhakon@frettabladid.is**

# FME herðir reglur um kaupauka

Fjármálaeftirlitið hefur sett nýjar reglur um kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja sem fela í sér að eignarhaldsfélög á fjármálasviði falla einnig undir reglurnar. Sex slík félög eru starfandi á Íslandi í dag, t.d. Kaupskil, sem fer með 87 prósenta hlut Kaupþings í Arion banka, og Valitor Holding, eigandi Valitor. Reglubreytingin kemur í kjölfar breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki á síðasta ári.




**Ekki má greiða hærri kaupauka en 25 prósent af árslaunum í fjármálageiranum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá hefur hámarksgreiðsla við ráðningu verið lækkuð úr 60 prósentum af árslaunum án kaupauka í 25 prósent. Samkvæmt reglum FME mega kaupaukar ekki nema hærri upphæð en 25 prósentum af árslaunum starfsmanna og fresta á útborgun 40 prósenta greiðslnanna um þrjú ár. Þá hefur einnig verið bannað að greiða starfsmönnum kaupauka fyrir tilstilli þriðja aðila. **– ih**

## Á döfinni

**Miðvikudagur 25. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Kjötframleiðsla í apríl 2016.
- Vinnumarkaður í apríl 2016.
- Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**Fimmtudagur 26. maí**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
Fjöldi útgefinna vegabréfa.
**EIMSKIP** Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**Föstudagur 27. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í apríl 2016.
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í apríl 2016.
- Vísitala neysluverðs í maí 2016.

**EIMSKIP** Afkoma fyrsta ársfjórðungs, kynningarfundur.

**Þriðjudagur 31. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Verðmæti sjávarafla, janúar–febrúar 2016.
- Útungun alifugla í apríl 2016.
- Vísitala framleiðsluverðs í apríl 2016.
- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–apríl 2016.

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Verð áður: 134.000.-**
**Tilboðsverð:**
**98.000.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Verð áður: 196.100.-**
**Tilboðsverð:**
**137.000.-**

# Nýjar upplýsingar varpa ljósi á einkavæðingu

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, hefur nýjar upplýsingar um aðkomu þýska bankans Hauck & Afhauser Privat-bankiers KGaA að kaupum á eignarhluta íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands á árinu 2003. Umboðsmaður Alþingis ritaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf hinn 19. maí þar sem hann greinir frá þessum upplýsingum. Hann mætti svo fyrir nefndina í gær. Ekki hefur verið greint frá efni upplýsinganna opinberlega. Umboðsmaður Alþingis telur ekki nægjanleg skilyrði fyrir hendi til að hann aðhafist frekar vegna málsins en telur eðlilegt að rannsóknarnefndir verði skipaðar til að upplýsa um málið.

> **Við höfum mörg haldið því fram að ástæða sé til að ætla að þessi þýski einkabanki hafi ekki verið raunverulegur kaupandi að hlut að bankanum heldur leppur.**
>
> Helgi Hjörvar alþingismaður



Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, kallaði eftir því á þingfundi í gær að rannsóknarnefnd yrði skipuð til að skoða sölu bankans. „Við höfum mörg haldið því fram að ástæða sé til að ætla að þessi þýski einkabanki hafi ekki verið raunverulegur kaupandi að hlut að bankanum heldur leppur. Þarna hafi ekkert verið um erlenda fjárfestingu að ræða heldur íslenskir peningar sem jafnvel voru bara fengnir að láni úr sömu ríkisbönkum og verið var að afhenda þessum aðilum."

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar og varamaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, er ekki á sama máli og Helgi. Hún segir sérstakt að þeir aðilar sem biðji nú um að rannsóknarnefnd verði skipuð vegna þess máls vilji þagga niður meinta spillingu í bankakerfinu eftir hrun. Vigdís segir þessu fólki ekki verða að ósk sinni. – **nej / jhh**




TIL LEIGU

Glæsilegt **skrifstofuhúsnæði** á besta stað í miðborginni

Túngata 5 er eitt af virðulegustu húsum bæjarins. Til leigu eru skrifstofur á 1. hæð hússins sem er um 155m². Á hæðinni eru 4 skrifstofur.

**Áhugasamir hafi samband við Ársæl í síma 898 0111 eða sali@genes.is**




Lúðvík segir að þótt fólksflutningar skýri stóran hluta af þeirri verðhækkun sem varð á íbúðarhúsnæði á árunum 2004 fram til ársins 2008 þurfi hið sama ekki að eiga við núna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fólksfjölgun skýrði stóran hluta hækkunar

Fólksfjölgun skýrir þriðjung af þeirri verðhækkun sem varð á íbúðarhúsnæði á árunum 2004 og fram til ársins 2007. Verð á íbúðarhúsnæði tvöfaldaðist á tímabilinu. Fylgjast þarf stöðugt með því hvaða þættir hafa áhrif á verðhækkanir.

Ástæður verðhækkana á húsnæði í aðdraganda bankahrunsins voru margvíslegar. Eftir einkavæðingu bankanna gerbreyttist íbúðalánamarkaðurinn og eftir hrunið breyttist húsnæðislánamarkaðurinn svo aftur. Í nýrri grein Lúðvíks Elíassonar, hagfræðings hjá fjármálastöðugleika Seðlabankans, kemur fram að fólksflutningar til landsins skýra líka stóran hluta verðbreytinga á árunum 2004 til 2014.

Grein Lúðvíks nefnist Icelandic Boom and Bust og birtist á vef tímaritsins Housing Studies. Þar sýnir Lúðvík fram á að 1% fólksfjölgun vegna aðfluttra umfram brottflutta á ári olli ríflega 4% verðhækkun umfram það sem annars hefði orðið. Fólksfjölgunin skýrir þar með nálægt þriðjung af þeirri verðhækkun sem varð á árunum 2004 til og með ársins 2007.

Í grein Lúðvíks kemur fram að húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 95 prósent á árunum 2004 til og með árinu 2007 eða um 59 prósent að raunvirði. Þar af skýrir fjöldi aðfluttra umfram brottflutta 23 prósent af hækkuninni samkvæmt útreikningum Lúðvíks. Á sama tíma jókst fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 74 prósent á föstu verðlagi og nam 7,7 prósentum af landsframleiðslu á fjórða fjórðungi ársins 2007.

„Það eru margar kenningar um fólksflutninga og hvernig þeir hafa áhrif. Þegar menn hafa verið að meta þetta í öðrum löndum, til dæmis í Bretlandi, þá eru menn ekki að sjá svona mikil áhrif," segir Lúðvík. Hann bendir á að í Bretlandi hafi menn jafnvel talið að áhrifin væru neikvæð. „Þar sem kom mikið af innflytjendum inn þá fóru þeir tekjuháu út úr því sveitarfélagi. Og þá lækkuðu heildartekjurnar og þar með lækkaði fasteignaverðið," segir Lúðvík og bætir því við að áhrifin hérna hafi því verið ólík því sem gerist annars staðar.

„Ég held að þau skýrist meðal annars af því að ráðstöfunartekjur voru að aukast það mikið að fólk var að verða ríkara. Það var að kaupa stærra og byggja. Svo kemur inn tiltölulega ódýrt vinnuafl og byggingarkostnaður lækkar," segir Lúðvík.

Það sem gerist hins vegar er að hópurinn sem kemur inn kaupir ódýru íbúðirnar. Fólkið sem á ódýru íbúðirnar á þar með auðveldara með að losa sig við þær til að fara í stærra húsnæði og það ýtir kerfinu af stað. Lúðvík segir að þetta hafi síðan gengið til baka þegar fólki fór að fækka eftir hrunið. „Eitt prósent fækkun skýrir þá fjögur prósent af verðlækkun," segir hann.

> **Þegar menn hafa verið að meta þetta í öðrum löndum, til dæmis í Bretlandi, þá eru menn ekki að sjá svona mikil áhrif.**
>
> Lúðvík Elíasson hagfræðingur

> 95%
>
> **hækkun varð á fasteignaverði frá 2004 til og með árinu 2007.**

Lúðvík segir að það sé ekki endilega alltaf hægt að útskýra hækkun verðs með fjölgun innflytjenda. Núna sé eftirspurn eftir húsnæði miklu staðbundnari en hún var og ráðist af öðrum þáttum. Til dæmis sé eftirspurn eftir Airbnb-íbúðum í miðbænum. „Þannig að það eru líklegast ferðamenn sem eru að skýra þetta núna," segir hann. Nauðsynlegt sé að fylgjast með hvað hafi áhrif hverju sinni. **jonhakon@frettabladid.is**

# Minnst helmingur starfsfólks taki þátt

Íslandsbanki hefur komið af stað verkefninu Hjálparhönd þar sem starfsfólk bankans leggur góðu málefni lið og tekur þátt í samfélagsverkefnum.

Markmið ársins 2016 er að minnst helmingur starfsfólks Íslandsbanka taki þátt í verkefninu.

Í gær bauð bankinn fulltrúum góðgerðarfélaga á fund til að kynna sér verkefnið Hjálparhönd. Allir starfsmenn geta starfað fyrir góðgerðarfélögin einn eða fleiri daga á ári. Með þessu vill bankinn vera jákvætt hreyfiafl og taka þátt í samfélagsverkefnum.

Íslandsbanki segist hafa fundið fyrir miklum áhuga frá góðgerðarfélögum og er þessa dagana að móta fjölmörg verkefni með þeim.

Hvert svið bankans er í samstarfi við eitt til tvö góðgerðarfélög allt árið en vilji er innan bankans til að aðstoða sem flest félög í einstaka verkefnum.

Stjórnendur bankans telja að í bankanum sé mikið af þekkingu og reynslu sem góðgerðarfélög geti nýtt sér, hvort sem það sé við markaðs-, fjármála- eða lögfræðiaðstoð. Starfsfólk bankans geti einnig nýst þegar fleiri hendur vanti til dæmis við að mála. Slík aðstoð geti oft verið dýrmætari en peningastyrkur.

Íslandsbanki er einnig í samstarfi við Rauða krossinn þar sem stefnt er á að senda starfsmenn í góðgerðarstarf erlendis. – **sg**


SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

# ALLTAF
## VIÐ HÖNDINA




**Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á vísir.is og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á extras.visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft



Búist er við að kísilver United Silicon í Helguvík muni taka til starfa á þessu ári en framkvæmdir eru í gangi. Reykjanesbær hefur lagt milljarða í rekstur Reykjaneshafnar sem er í greiðslustöðvun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Halli á Reykjanesbæ 13 ár af síðustu 15

**Líkur eru á að Reykjanesbær fari undir fjárhaldsstjórn á næstunni. Skuldavandinn á sér langan aðdraganda. Hallarekstur hefur verið regla fremur en undantekning auk þess sem farið hefur verið í miklar fjárfestingar fjármagnaðar með lántöku og sölu eigna. Þar á meðal hafa hlutir í orkufyrirtækjum verið seldir. Framkvæmdir í Helguvík vegna iðnaðar sem ekki skilaði sér hafa kostað sitt.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Að óbreyttu mun innanríkisráðuneytið skipa fjárhaldsstjórn yfir Reykjanesbæ á næstunni. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sendi Reykjanesbæ bréf í síðustu viku þar sem fram kom að nefndin teldi greiðslubyrði Reykjanesbæjar vera umfram greiðslugetu og því yrði ekki komist hjá því að leggja til við innanríkisráðherra að fjárhaldsstjórn yrði skipuð yfir bænum. Nefndin gaf bæjarstjórn frest til dagsins í dag til að koma á framfæri athugasemdum eða frekari upplýsingum en búið er að óska eftir frekari fresti, eða fram yfir næsta bæjarstjórnarfund þann 7. júní. Verði fjárhaldsstjórn niðurstaðan mun hún hafa lokaorðið í öllum útgjöldum bæjarins og þarf ekki að halda uppi frekari starfsemi umfram það sem sagt er til um í lögum.

Skuldaviðræður hafa staðið yfir síðustu 18 mánuði án niðurstöðu. Náðst hafði samkomulag við meirihluta kröfuhafa bæjarins um afskriftir upp á 6,35 milljarða króna en ekki voru allir kröfuhafar tilbúnir að sætta sig við afskriftir. Meðal annars höfnuðu lífeyrissjóðir sem lánað hafa Reykjaneshöfn tillögu bæjarins. Enn standa þó einhver samskipti yfir milli kröfuhafa og bæjarins og ekki er loku fyrir það skotið að samkomulag náist áður en fjárhaldsstjórn verði skipuð. Markmið viðræðnanna hefur verið að koma skuldahlutfalli Reykjanesbæjar niður í 150% prósent fyrir árið 2022 en það stendur nú í 229%.

**Áætlanir ekki samræmst rekstri**

En hvers vegna er fjárhagsstaða Reykjanesbæjar svo bagaleg? Í bréfi Eftirlitsnefndar frá því í síðustu viku var vitnað í annað bréf, sem Eftirlitsnefndin sendi Reykjanesbæ 4. nóvember 2014 þar sem fram kom að ljóst væri að áætlanir frá árinu 2013 um að ná tökum á skuldastöðunni myndu ekki ganga eftir. „Svo virðist sem fjárhagsáætlanagerð áranna 2013 og 2014 hafi verið verulega ábótavant og ekki í neinu samræmi við rekstur sveitarfélagsins,“ segir í bréfinu. Í rekstraráætlun ársins 2013 var gert ráð fyrir að afgangur af rekstri bæjarins yrði upp á 465 milljónir króna en reyndin var tap upp á 972 milljónir króna. Þá var gert ráð fyrir 96 milljóna króna tapi í rekstraráætlun ársins 2014 en reyndin var 1,8 milljarða króna tap.

Haraldur Líndal, núverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sagði í skýrslu sem hann ritaði árið 2014 um fjármál Reykjanesbæjar að hann teldi vanda bæjarins tvíþættan, annars vegar rekstrarvanda og hins vegar skuldavanda. Aðeins einu sinni hefði verið rekstrarafgangur fyrir óreglulega liði frá árinu 2002, eða árið 2010. Samanlagður hallarekstur bæjarins nemur 15 milljörðum króna frá árinu 2003. Hins vegar væri mikill skuldavandi en bæjarfélagið skuldar 40 milljarða króna en skuldirnar námu 8 milljörðum króna árið 2002 og hafa því fimmfaldast á verðlagi hvers árs. Skuldirnar nema tæplega 2,5 milljónum króna á hvern íbúa.




**2,5 milljónir króna eru skuldir bæjarfélagsins á hvern íbúa.**

Haraldur Líndal bendir í skýrslu sinni á að veltufé frá rekstri, sem segir til um hvað sé eftir af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn, hita og skólamat, hafi verið neikvætt 7 ár af 12 á árunum 2002 til 2013. „Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda,“ segir í skýrslunni. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.“ Samkvæmt úttektinni var fjárþörf Reykjanesbæjar á tímabilinu til helminga fjármögnuð með eignasölu og lántökum.

**Eignir færðar í fasteignafélag**

Að hluta til stafa skuldirnar af umtalsverðum fjárfestingum sem Reykjanesbær hefur lagt í síðustu ár. Fjárfestingar Reykjanesbæjar á árunum 2002 til 2015 nema samanlagt 15,5 milljörðum króna á verðlagi hvers árs. Framkvæmdirnar hafa að stórum hluta verið í gegnum Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. Fasteign hf. tók til starfa árið 2003 og var í eigu Reykjanesbæjar, auk fleiri sveitarfélaga, Íslandsbanka og Háskólans í Reykjavík. Reykjanesbær og önnur sveitarfélög seldu félaginu fasteignir og leigðu þær svo af því aftur. Haraldur segir í skýrslu sinni að hann telji mistök hafa verið gerð í leigusamningum við Fasteign í nokkrum tilfella en leigan var tengd við gengi erlendra gjaldmiðla og verðlag. Markmiðið með stofnun Fasteignar var að skapa stærðarhagkvæmni og sérþekkingu.

27 fasteignir í eigu Reykjanesbæjar voru seldar félaginu árið 2003 en í lok ársins 2010 voru fasteignirnar sem bærinn leigði af Fasteign orðnar 44, þar undir voru nýir skólar, leikskólar, bókasafn og íþróttahús. Önnur sveitarfélög hafa keypt fasteignir sínar út úr félaginu og er Reykjanesbær eini eigandi Fasteignar. Samkvæmt ársreikningi ársins 2014 námu skuldir félagsins tæpum 13 milljörðum króna.

**Dýr bið eftir iðnaði í Helguvík**

Þá hefur Reykjaneshöfn lagst í umtalsverðar fjárfestingar í Helgu-

# ALDRAÐIR SJÚKLINGAR ÆTTU AÐ FÁ ORKU- OG PRÓTEINBÆTT FÆÐI

Næringarfræðingurinn **Katrín Sif Kristbjörnsdóttir** segir næringarástand aldraðra sjúklinga oft slæmt. Hún leggur til að aðalmáltíð dagsins á Landakoti verði seinkað frá hádegi fram á kvöld og að sjúklingar fái orku- og próteinbætt fæði.



Rannsókn Katrínar leiddi í ljós að sterkar líkur voru á vannæringu hjá ⅓ þátttakenda. Á sama tíma fer stór hluti matarins á spítalanum í ruslið.

Næringarfræðingurinn Katrín Sif Kristbjörnsdóttir heldur fyrirlesturinn Næringarástand sjúklinga á öldrunardeild Landspítala – viðhorf sjúklinga og sóun fæðis frá eldhúsi í Öskju klukkan 13 í dag en hann er einn fjögurra MS-fyrirlestra í næringarfræði sem eru á dagskrá í dag. Katrín segir ljóst að næringarástand aldraðra sé í mörgum tilfellum slæmt. Hún framkvæmdi rannsókn í tengslum við meistaraverkefni sitt og mat hættu á vannæringu meðal sjúklinga á Landakoti. Hún kannaði einnig hversu miklum mat væri hent og viðhorf sjúklinga. Í ljós kom að sterkar líkur voru á vannæringu hjá ⅓ þátttakenda sem hún segir umtalsvert. Á sama tíma fer stór hluti matarins í ruslið eða 33 prósent hádegismatarins og 26 prósent kvöldmatarins.



Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, næringarfræðingur

Katrín segir ástæður vannæringar geta verið ýmsar. „Líkamlegt ástand, vandamál í meltingarvegi, langvinnir sjúkdómar eins og altzheimer og krabbamein, breytingar á bragð- og lyktarskyni og sjúkrahúsvistin ein og sér svo dæmi séu nefnd. Vannæringin dregur svo aftur úr lífsgæðum. Eins verður ónæmiskerfið veikara sem leiðir til meiri hættu á sýkingum auk þess sem bein og vöðvar geta rýrnað. Vannæringin hefur ekki síður áhrif á kostnað heilbrigðiskerfisins því hún getur átt þátt í að lengja sjúkrahúsvistina auk þess sem hætta á endurinnlögnum eykst.“

Að sögn Katrínar var meðalorkuinntaka sjúklinga yfir daginn 1.300 kaloríur en viðmiðunarmörkin fyrir aldraða eru á bilinu 1.500-2.000 kaloríur. Þá kom í ljós að sjúklingar fengu að meðaltali 0,8 grömm af próteini per kíló sem er talsvert undir mörkum auk þess sem sjúklingar þurfa yfirleitt meira af próteini en fólk almennt. En hvað er til ráða?

Katrín leggur til að stærsta máltíð dagsins verði færð fram á kvöld. „Í dag er hún yfirleitt á boðstólum í hádeginu en þá er yfirleitt svo stutt frá morgunmatnum að sjúklingar hafa minni lyst. Það sést líka á því að meira er leift af hádegismatnum en kvöldmatnum,“ segir Katrín. „Þá teldi ég æskilegt að aldraðir fengju svokallað orku- og próteinbætt fæði. Í því eru skammtarnir minni en orkuþéttari. Þeir innihalda til dæmis meiri fitu, sem er orkuþéttari en kolvetni, og sömuleiðis meira af próteini.“

Að sögn Katrínar er boðið upp á fjórar gerðir af almennu fæði á spítalanum. Eitt sem hentar flestum, annað sem hentar börnum og unglingum, grænmetisfæði og fæði fyrir aldraða en það er gjarnan mýkra undir tönn. Í því er jafnframt minna um pasta, kúskús og nýrri fæðutegundir. Katrín segir orku- og próteinbætt fæði koma þessu til viðbótar en það stendur aðallega til boða á krabbameinsdeildum þar sem vannæring er einnig mikil.

Aðspurð segir Katrín spítalann aðeins farinn að breyta áherslum í þessum efnum. „Það er þó erfitt að gera breytingar á spítala en vonandi hjálpa þessar niðurstöður til,“ segir Katrín sem mun hefja störf sem næringarfræðingur á Landakoti og krabbameinsdeildum í haust. **vera@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...

# Allt fyrir heimilið

25. maí 2016 **KYNNINGARBLAÐ**



**Meðal nýlegra vörumerkja í Línunni eru Voluspa og hollensku merkin Zuiver og Dutchbone sem hafa vakið mikla eftirtekt að sögn Ernu Lúðvíksdóttur stílista.** MYND/ANTON BRINK

# Fagmennska í fjóra áratugi

Í tæplega fjóra áratugi hefur húsgagnaverslunin **Línan** selt landsmönnum gott úrval húsgagna og smávara frá þekktum framleiðendum á góðu verði. Nýlega stækkaði verslunin og vöruúrvalið jókst um leið. Þar má m.a. nefna stærri ljósadeild og tvö vinsæl hollensk vörumerki.

Húsgagnaverslunin Línan fagnar 40 ára afmæli sínu síðar á árinu. Verslunin er vel þekkt í hugum landsmanna enda hefur hún alla tíð boðið upp á fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru frá þekktum framleiðendum á sanngjörnu verði. Frá árinu 2007 hefur Línan verið til húsa í björtu og rúmgóðu húsnæði í Bæjarlind 16 í Kópavogi sem var stækkað í nóvember á síðasta ári að sögn Ernu Lúðvíksdóttur stílista. „Við höfum alla tíð boðið upp á fjölbreytt og gott úrval af húsgögnum og smávöru og með stækkuninni í vetur jókst svigrúm okkar enn frekar og við erum alltaf að bæta við nýjum vörum.“









### Ný frábær merki

Meðal nýlegra vörumerkja í versluninni eru Voluspa sem framleiðir vinsæl ilmkerti sem margir þekkja. „Svo má nefna hollensku merkin Zuiver og Dutchbone. Við erum svakalega spennt fyrir þeim enda fengið ótrúlega góðar viðtökur eftir að við höfum að selja húsgögn frá þeim í mars. Við seljum mjög fjölbreyttar vörur frá þeim báðum en þau hafa yfir að ráða mjög flottum hönnuðum sem eru algjörlega með puttana á púlsinum þegar kemur að nýjustu og flottustu hönnun. Ekki skemmir heldur fyrir að þessar vörur eru á mjög viðráðanlegu verði. Fyrsta sendingin fékk virkilega góðar viðtökur og ný sending er nú þegar á leiðinni.“

### Mikil fjölbreytni

Erna segir sérstöðu Línunnar felast í því hversu vel eigendur fylgist með því sem er að gerast í heimi innanhússhönnunar og vöruúrvalið endurspegli það. „Við höfum alla tíð verið þekkt fyrir sérstaklega gott úrval af sófum og eigum góðan lager af þeim. Einnig er vinsælt að púsla saman eigin sófum og sérpanta. Nýja ljósadeildin okkar hefur slegið í gegn eftir að verslunin stækkaði. Við bjóðum einnig upp á gott úrval borðstofuhúsgagna og ekki má gleyma nýju mottunum frá Zuiver og Dutchbone en þær hafa vakið mikla athygli.“



### Áhersla á góða þjónustu

Frá stofnun Línunnar hefur verslunin verið í eigu sömu fjölskyldunnar og það skilar sér svo sannarlega í góðri þjónustu, segir Erna. „Við höfum alla tíð lagt mikla áherslu á góða þjónustu og það hefur m.a. skilað sér í því að sömu fjölskyldurnar koma ár eftir ár til okkar. Hluti af góðri þjónustu okkar tengist líka vefnum og sýnileika okkar á samfélagsmiðlum. Vefur okkar, www.linan.is, er mjög öflugur og þar má finna allar upplýsingar um vörur okkar auk þess sem hann er líka öflug netverslun.“

**Einnig erum við mjög öflug á Facebook (Línan) og Instagram (@linan.is)**

# Á ferðalagi meðan baðið var gert upp

Hjónin og flugmennirnir **Elín Rós Pétursdóttir** og **Eyjólfur Gunnbjörnsson** keyptu íbúð í Hafnarfirði fyrir sjö árum. Íbúðin var tekin í gegn áður en þau fluttu inn en baðherbergið beið betri tíma. Nú hefur það líka fengið myndarlega og haganlega andlitslyftingu.

Elín Rós segir að þau hafi viljað taka sem flest í gegn áður en þau fluttu í íbúðina, innréttingar, hurðir, gólfefni og fleira. „Við ákváðum hins vegar að bíða aðeins með baðherbergið þótt það væri okkur ekki alveg að skapi. Veggirnir voru bláir þegar við fluttum inn svo við máluðum þá hvíta. Við brenndum okkur á því að það er mjög erfitt að fara í baðframkvæmdir þegar aðeins eitt baðherbergi er í íbúðinni. Við vorum þess vegna alltaf að draga þessar breytingar,“ segir hún.

Elín Rós og Eyjólfur voru þó hagsýn og keyptu smátt og smátt allt sem þurfti fyrir baðherbergið. „Við fengum flísar í Álfaborg, innréttingar í IKEA, sturtugler í Íspan og hreinlætis- og blöndunartæki í Tengi. Við pöntuðum iðnaðarmenn með góðum fyrirvara og báðum þá að koma á meðan við fórum í tveggja vikna ferðalag til útlanda. Það var mjög þægilegt fyrirkomulag. Við fundum því aldrei fyrir því að vera klósett- eða sturtulaus. Allt stóðst sem iðnaðarmennirnir höfðu lofað,“ segir hún.

Þau hjónin ákváðu sjálf hvernig baðherbergið ætti að líta út. „Við rifum allt út áður en við fórum í ferðalagið og þegar við komum tilbaka var bara smotterí eftir. Sturtan var tilbúin og klósettið komið upp. Ég var að spá í að hafa bæði baðkar og sturtu en ákvað síðan að sleppa baðkarinu og stækka sturtuna og hafa hana veglega. Baðherbergið er aðeins sjö fermetrar. Við völdum að skipta um loft og lýsingu en einnig vildum við hafa innbyggð blöndunartæki. Þá létum við setja gólfhita og fengum Gólfhitalagnir í þá vinnu. Það var ekkert ryk sem kom við vinnu þeirra svo ég verð að mæla með þeim. Við tókum baðherbergið í gegn til framtíðar og völdum gæðavörur. Ég held að það hafi kostað okkur um eina og hálfa milljón með öllu,“ segir Elín Rós.

„Við spáðum mjög mikið í flísakaup og skoðuðum mjög mikið áður en við keyptum þær. Við ákváðum að flísaleggja gólfið og einn vegg þar sem baðherbergið er lítið. Það kemur mjög vel út og rosalega gaman þegar allt er búið og orðið fínt. Með endurbótunum setur maður sinn eigin svip á heimilið. Eftir á að hyggja hefði verið sniðugra að taka baðherbergið í gegn áður en við fluttum inn og látið eitthvað annað bíða,“ segir Elín Rós sem er flugmaður hjá Icelandair og hefur nóg að gera í sumar við að flytja farþega til og frá landinu. elin@365.is


Gamla sturtan var heldur minni en sú nýja.


Í stað þess að hafa baðkar og sturtu ákváðu þau að hafa bara stóra og veglega sturtu.


Innréttingin er frá Ikea. Elín Rós ákvað að hafa flísar á einum vegg og mála aðra. Baðherbergið er aðeins sjö fermetrar.


Sams konar flísar eru á gólfi og vegg. Baðherbergið virðist stærra með þessu móti.


Svona leit baðherbergið út þegar þau keyptu íbúðina fyrir sjö árum. Salernið var fært nær veggnum við breytinguna.




Tilboðsverð kr. 159.615,-
Með fylgir Vitamix sleif, drykkjarmál og svunta
Fullt verð kr. 199.518,-
Kælitækni
Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is



Borðstofuhúsgögn teg. Amadeus
Veronica 3 – 1 – 1

Teg. Kansas

Teg. Kelly

Teg. Lotta
Gott úrval af borðum og stólum úr eik, hvítu ofl.ofl.
Opið virka daga 10 - 18
á laugardögum
11 - 15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 – 220 Hafnarfjörður
Sími 565 4100 - www.nyform.is


ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson




© Inter IKEA Systems B.V. 2016



**Borðstofan er björt og ljósakrónan yfir borðinu setur svip á rýmið.**



**Dagný er hrifin af stílhreinni hönnun og ljósum litum.** MYNDIR/ANTON BRINK



**Herbergi eldri dótturinnar er fallegt og hlýlegt. Dúkkuvagninn og tjaldið eru úr Reykjavik Butik.**



**Ro stóllinn frá Fritz Hansen er einn af eftirlætishlutum Dagnýjar.**



**Myndirnar á veggjunum fást í netverslun Dagnýjar, Reykjavik Butik.**



**Fallegir og vel valdir hlutir prýða heimilið.**



**Tommy M sófasettið sem hjónin tóku sér góðan tíma í að velja.**



**Dagný ásamt dóttur sinni, Sylvíu, sem er yngst þriggja barna hennar.**

# Fagrir og vel valdir hlutir

**Dagný Skúladóttir** á fallegt og stílhreint heimili sem lesendur fá hér að líta aðeins á.

Dagný Skúladóttir, eigandi netverslunarinnar Reykjavik Butik, er mikill fagurkeri og ber heimili hennar gott vitni um það. Hún og eiginmaður hennar, Gunnar Berg Viktorsson, eru nýlega flutt í Akrahverfið í Garðabæ og segir Dagný þau hjónin vera dugleg að bjóða fólki heim. „Við eigum stóra fjölskyldu og vinahóp og er heimilið okkar alltaf opið fyrir öllum. Það er eiginlega orðin lítil félagsmiðstöð," segir hún og hlær.

Skandinavískur stíll einkennir heimilið en Dagný er mikið fyrir ljósa liti. „Mér líður vel í ljósu og björtu rými og vel að hafa fáa en vel valda hluti í kringum mig. Ég er veik fyrir fallegum lömpum og uppáhaldshönnuðurinn minn er Louis Poulsen og mig dreymir um nokkur ljós eftir hann."



Einn af þessum vel völdu hlutum sem Dagný talar um er Tommy M sófasettið sem prýðir stofuna en hún segir að þau Gunnar Berg hafi verið ansi lengi að velja sér rétta sófann. Uppáhaldshlutur Dagnýjar er hins vegar fallegur stóll. „Ro stóllinn frá Fritz Hansen sem Jaime Hayons hannaði er í miklu uppáhaldi en hann fékk ég í gjöf frá karlinum," segir hún brosandi.

Dagný segist hafa mjög gaman af því að breyta til á heimilinu og geri það reglulega. Næst á dagskrá er að taka handriðið á stiga hússins í gegn og er stefnt að því á næstunni. „Annars finnst mér gott að hafa það huggulegt hér heima. Þá geri ég fínt í kringum mig, kaupi jafnvel blómvönd og kveiki á kertum."

Lesendur fá hér að kíkja inn á þetta fallega heimili Dagnýjar og Gunnars. **lilja.bjork@365.is**


PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

# Íslendingar eiga falleg heimili

Dökkir litatónar, gólfteppi, stórar grænar plöntur og hlýlegheit einkenna tískuna í innanhússhönnun um þessar mundir, að sögn Sólveigar Andreu Jónsdóttur innanhússarkitekts. Við fengum hana til að fara aðeins yfir það sem vinsælast er í innanhússhönnun í dag.

„Íslendingar eiga svo falleg heimili og leggja natni við þau," segir Sólveig Andrea Jónsdóttir, innanhússarkitekt. „Mér finnst fólk blanda skemmtilega saman veglegri hlutum og ódýrari hlutum og notuðum úr Góða hirðinum. Það er alltaf einhver tíska í innanhússhönnun og nú er fólk farið að mála veggina í dekkri litatónum í stað þess að hafa allt hvítt og einn Omaggio-vasa á borði. Stórar grænar plöntur eru vinsælar og eins hangandi plöntur. Þá munu kopar og brons, svart og dökkgrátt áfram halda vinsældum sínum og eins eru leðurhúsgögn vinsæl núna. Fólk notar mikið náttúruleg efni eins og við í bland við hráa steypu."

### Málaðir veggir á baðherberginu

„Fólk leggur meiri natni við baðherbergið en áður, er jafnvel með plöntur þar inni og fallega muni og oft með fleiri en eina tegund af lýsingu. Flísanotkun á baðherbergjum hefur minnkað til muna og fólk málar frekar þá veggi sem ekki eru beinlínis í snertingu við vatn."

### Teppi á svefnherbergið

„Glansandi eikarparket er á undanhaldi, nú er fólk að taka grófari planka. Flot er alltaf vinsælt á gólf en þó eru margir farnir að parketleggja yfir flotuðu gólfin. Íslendingar eru mjög hrifnir af parketi. Teppi eru þó að koma sterk inn, þó ekki á alrýmin en fólk teppaleggur stiga og nú er vinsælt að teppaleggja hjónaherbergið. Teppin eru úr svo góðum efnum í dag og auðvelt að þrífa þau. Sísalteppin eru enn vinsæl í stigana en í herbergin er verið að taka mjúk en snögg teppi í mildum tónum, oft ljósgráu eða koníaksbrúnu."



Gráar og svartbæsaðar eldhúsinnréttingar njóta meiri vinsælda en hvítar og glansandi að sögn Sólveigar.



Dökkir litir í svefnherberginu og náttúruleg efni eru vinsæl.



Grænar plöntur eru afar vinsælar inni á heimilum í dag.

> **Fólk málar svefnherbergin í dökkum lit núna og jafnvel loftið líka. Það er yndislegt að sofa í dökku, hlýlegu herbergi með fallegri lýsingu.**
>
> *Sólveig Andrea Jónsdóttir*

### Dökkir litir

„Litirnir eru að dökkna, fólk málar heilu húsin dökk. Auðvitað passa dökkir tónar ekki alls staðar, rýmið virkar minna fyrir vikið en það verður hlýlegra. Fólk málar svefnherbergin í dökkum lit núna og jafnvel loftið líka. Það er yndislegt að sofa í dökku, hlýlegu herbergi með fallegri lýsingu. Mér finnst stemmingin í svefnherberginu vera á undanhaldi en þó er ekki verið að hlaða þangað inn húsgögnum."

### Svartbæsað í eldhúsið

„Mín reynsla er sú að færri taka hvítar háglanseldhúsinnréttingar í dag. Fólk velur svartbæsaðan spón, gráar og dökkar innréttingar og vill sjálft velja viðinn í trésmiðjunni. Marmari og steinn eru mjög vinsælir í borðplötur. Þá eru opnar hillur sem þarf að raða öllu í á undanhaldi og fólk lokar leirtau og tæki af í búrskápum. Er svo bara með tvær stakar hillur með lýsingu og nokkrum hlutum í."




Notar þú meira en aðrir?

Kíktu á reiknivél ON: **www.on.is/reiknivel**

- Reiknaðu út orkunotkun heimilistækjanna
- Berðu orkunotkun þína saman við önnur heimili
- Fáðu góð ráð varðandi orkunotkun

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Við byggjum á mikilli þekkingu á og reynslu af orkuvinnslu. Leiðarljós okkar er að bjóða rafmagn á samkeppnishæfu verði til allra landsmanna.

on ORKA NÁTTÚRUNNAR

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is







# Baðaðu þig í gæðunum

TENGI

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is



## UPPHITUÐ ÚTIHÚSGÖGN

Hönnunarstúdíóið Galanter & Jones í San Francisco kynnti upphituð útihúsgögn á ICFF húsgagnasýningunni í New York á dögunum. Markmið hönnuðanna með stólunum var að gera gashitara, sem oft eru notaðir til að hlýja fólki utandyra, óþarfa. Vilja þeir einnig meina að hitinn frá stólunum nýtist mun betur til að hita fólki þar sem þeir leiði hitann beint í líkama fólks ólíkt gashiturunum sem hiti umhverfið í kring.

Sætin eru mótuð úr hátæknisteypu og eru notendavænir að lögun. Rafmagnshitarar eru innbyggðir í sætið sem hitar steypuna og leiðir þannig hita um bak, rass og læri þess sem situr í stólnum.

Stólunum er stungið í samband í venjulega innstungu og hægt er að stilla hitann.

Hægt er að fá nokkrar mismunandi týpur af stólunum í mismunandi litum.





## SPEGILL AF STÆRRI GERÐINNI

Hanna Wessman er sænskur sjónvarpsþáttastjórnandi, bloggari og innanhússhönnuður sem heldur úti heimilisblogginu hannasroom.com þar sem hún bloggar ásamt níu öðrum hönnuðum auk þess að vera með stóra netverslun. Hún opnaði nýverið heimili sitt og þar ræður smekkvísin ríkjum eins og sjá má. Kringlóttir speglar hafa verið vinsælir síðustu misseri. Þessi er af stærri gerðinni og sómir sér vel í notalegu teppalögðu holi. Hönnunaráhugafólk ætti að gera sér ferð inn á síðuna hennar en þar er auk annars mikið af skemmtilegum DIY-hugmyndum sem hún deilir með lesendum.

## FYRIRFERÐARMIKIÐ STOFUSTÁSS

Monstera getur orðið, eins og nafnið gefur til kynna, mjög fyrirferðarmikil stofuplanta. Hún er þrátt fyrir það mikið stofustáss og má vel telja hana til tískublóma í dag.

Tiltölulega auðvelt er að annast þessa plöntu og hún vex nokkuð hratt. Því ætti að gera ráð fyrir góðu plássi undir hana en stór blöðin geta staðið allt að 60 sentimetra út frá stofninum og eins getur hún vel náð þó nokkurri hæð. Því stærri pott sem monsteran fær því stærri verður hún. Hægt er að klippa stofninn svo plantan verði ekki of há, það örvar hins vegar vöxt til hliðanna. Gott er að styðja hana, til dæmis með mosasúlu sem loftræturnar geta fest sig við.

Monsteran þarf góða birtu en ætti ekki að standa í beinu sólarljósi. Hún þrífst betur ef blöðin eru úðuð öðru hvoru með vatni og ryk strokið af þeim með mjúkum svampi. Einu sinni í mánuði ætti að nota næringu í vatnið yfir sumarið. Hún þarf ekki mikla vökvun yfir veturinn, á sjö til tíu daga fresti.

Monsteran getur blómstrað hvítum blómum og einstaka sinnum vex á hana grænt aldin sem svipar til agúrku.

*www.gardenseeker.com*







Baðherbergi


Góðar hirslur


Innbyggðar uppþvottavélar


Pottaskápar


Allar útfærslur


Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT


Sérsmíði


Þvottahús


Úrvalið er hjá okkur

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG**
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**ÞITT ER VALIÐ**
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15
friform.is

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



MERCEDES-BENZ E 250 avantgarde cdi. Árgerð 2013, ekinn aðeins 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. umboðsbíll Rnr.210779.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2011, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.330585.



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgerð 2011, ekinn 127 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.300131.



SUZUKI Sx4 glx 4wd . Árgerð 2014, ekinn aðeins 19 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.980.000. Rnr.211458.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar.is bílasala



Land Rover Discovery 4 HSE, 2/2012, ek 74 þús km, sjsk, dísel, mjög flottur bíll, stærri vélin 256 hö, ásett verð 9.950 þús, er á staðnum, raðnr 152037.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ ÓSKAST!**

Skoda Octavia árg 2006, ek. 161 þús. beinskiptur, 5 gíra. Bíll í ágætu standi búið að skipta um bremsluklossa og diska að framan, bremsuslöngur, pústhólk og kerti. Rafmagn bilað í þrem rúðum. Smurbók fylgir. Tilboð óskast. Engin skipti. S. 699 2778



Polaris Sportsman 2006 vel með farið ek. 3700km - 516 vinnust. Hlaðið aukahlutum. Verð 1.100.000 uppl. 8952417



Skoda Octavia árg. '08. Turbo Diesel 2L. Sjálfsk. Verð 1 milljón. S. 6162597



Honda Insight Hybrid 2011. Sjálfsk. Ek. 100km. Verð 1.800.000. S. 6162597



**GOTT VERÐ.**

Kia Ceed, dísil bs, 07/14, ek aðeins 18 þús km. 17" álfelgur. Hiti í sætum og stýri. Bluetooth. Toppbíll. Rúm 5 ár eftir í ábyrgð. Stgr verð 2.550 þús. Uppl í s. 825 2424

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihýsi
Hjólhýsi
Húsbílar
Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi
Korputorg I 112 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn

VÍKURVERK
NOTAÐIR VAGNAR



VÍKUR V·E·R·K
Kauptúni 3 • 210 Garðabær
Sími 522 2222 • vikurverk.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**

Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, sprörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Endalaust 365
ENDALAUST
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Endalaus og áhyggjulaus Internetáskrift.
Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**
1817 | 365.is
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

## Húsaviðhald

Þakpappalagnir.
Eitt besta verðið.
S. 778 8322

VIÐHALD FASTEIGNA
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaidnadarmenn.is
johann@2b.is

ÞAK.IS
Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
s. 552-4910.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Byggingastjórn og öll almenn hönnun mannvirkja. Geometric ehf. 8680474 7790004

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ TIL LEIGU**
Snyrtileg 3 herbergja 125 fermetra íbúð miðsvæðis í Reykjavík (pnr. 103) til leigu með húsgögnum og öllum búnaði. Langtímaleiga möguleg. Eingöngu traustir og áreiðanlegir leigjendur koma greina.
Upplýsingar í síma 896 3406.

3 herbergja íbúð og stúdíó íbúð til leigu. 105 Rvk. Uppl. í s. 8961356

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www. geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN LÆKJARGÖTU**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar bílstjóra og fólk til afgreiðslu í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.
Nánari uppl. gefur Kristinn S. 782-6600

**LAGERMAÐUR - FRAMLEIÐSLUMAÐUR**
Katla ehf óskar að ráða vanan lagermann með lyftararéttindi sem einnig getur unnið við framleiðsluvélar.
**Upplýsingar í síma 6964423**
**Umsóknir óskast sendar til: verksmidja2@katla.is fyrir 1. júní**

**BLIKKSMIÐJAN VÍK EHF**
óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt.
Umsóknir sendist á eyjolfur@ blikkvik.is öllum umsóknum verður svarað

**VÉLSTJÓRI ÓSKAST**
Special Tours auglýsir eftir vélstjóra á bátinn Rósin 2761. Þarf að vera með 750kW réttindi, hóp og neyð & STCW skírteyni. Góð ensku kunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við hilmar@specialtours.is fyrir frekari upplýsingar.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

## fasteignir

TRAUSTI fasteignasala


**Auðun Ólafsson**
Sölufulltrúi
S: 894-1976


**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

### Tómasarhagi 35




**Opið hús í dag milli kl. 17:30-18:00**
Vel skipulögð töluvert endurnýjuð 5 herbergja 113,3 fm efri hæð á góðum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Þrjú svefnherbergi, tvær stofur,sér geymsla í sameign. Bílskúrsréttur. Glæsilegt sjávarútsýni yfir Ægisíðu. Stutt er í alla helstu þjónustu. **Verð: 55,3 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

# Ertu að leita að talent?


lind@talent.is


bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## atvinna

Álafoss óskar eftir þjónustulunduðum, stundvísum, og reyklausum helgarstarfsmanni í verslanir sínar í Mosfellsbæ og á Laugavegi.
Góð íslensku- og ensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir skilast á atvinnaalafoss@gmail.com fyrir 27. maí 2016.**

## fasteignir

### Kaplaskjólsvegur 53
3ja herbergja




Falleg íbúð á þriðju hæð að stærð 73,3 m²
Suðursvalir 4,1 m²
Húsið yfirfarið að utan f.ca 2. árum
Opið eldhús, nýleg innrétting í eldhúsi
Nýlegt parket á íbúðinni
Geymsla kjallara sem er 3,9 m²
Sameiginlegt þvottahús og hjólageymsla í kjallara


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **33,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### Sunnubraut 50
efri sérhæð með bílskúr



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 26.maí kl.17:30-18:00**



Efri sérhæð, mikil lofthæð, þrennar svalir
Skráð hjá FMR 162,8 m², þar af er íbúðin 135,6 m²
Bílskúr að stærð 27,2 m²
Glæsilegt sjávarútsýni
Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **64,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Rjúpnasalir 10 - Kóp. 4ra herbergja íbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu. **Verð 41,9 millj.Verið velkomin.**

## Fjármögnun reksturs Reykjanesbæjar 2002-2015

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | -173 | -768 | -289 | 20 | 114 | -306 | -823 | -1.086 | 1.775 | 1.318 | 1.400 | 2.262 | 2.176 | 2.456 | 8.076 |
| Afborganir langtímalána | -452 | -1.872 | -1.153 | -1.482 | -858 | -5.428 | -1.562 | -1.183 | -2.033 | -1.775 | -2.927 | -1.160 | -2.265 | -1225 | -25.375 |
| Fjárfestingar | -203 | -514 | -588 | -239 | -1.041 | -622 | -1.140 | -2.661 | -1.449 | -586 | -1.139 | -2.130 | -1.920 | -1.239 | -15.471 |
| Fjárþörf | -828 | -3.154 | -2.030 | -1.701 | -1.785 | -6.356 | -3.525 | -4.930 | -1.707 | -1.043 | -2.666 | -1.028 | -2.009 | -8 | -32.770 |
| Sala og eignabreytingar | -2 | 2.954 | 6 | 149 | 407 | 2.727 | 384 | 2.178 | 409 | 1.479 | 3.584 | 409 | 1.503 | 118 | 16.305 |
| Lántökur | 743 | 629 | 1.830 | 1.617 | 1.376 | 5.318 | 1.543 | 1.686 | 825 | 0 | 179 | 1.022 | 1.614 | 2.799 | 21.181 |
| Aðrar fjármögnunarhreyfingar | 130 | 76 | -132 | -172 | 37 | 184 | -92 | 1.439 | -118 | -165 | -488 | 277 | -582 | -764 | -370 |
| Samtals | 43 | 505 | -326 | -107 | 35 | 1.873 | -1.690 | 373 | -591 | 271 | 609 | 680 | 526 | 2.145 | 4.346 |

*Heimild: Kynning KPMG á íbúafundi í Reykjanesbæ í október 2014 og ársreikningar Reykjanesbæjar*

vík vegna iðnaðar sem vonast var til að hæfist þar, með tilheyrandi umsvifum og tekjum fyrir höfnina. Skuldir hafnarinnar nema 8 milljörðum króna og er eigið fé neikvætt um 5 milljarða króna og hefur höfnin verið í greiðslustöðvun frá því í október. Reykjanesbær hefur sjálfur lánað höfninni 3,1 milljarð í formi víkjandi láns. Reykjanesbær færði lánið niður í ársreikningi ársins 2014 að fullu þar sem óvíst er að höfnin geti greitt lánið til baka. Í viðræðum við kröfuhafa hefur Reykjanesbær meðal annars farið þess á leit að fjárhagur Reykjaneshafnar verði aðskilinn frá fjármálum Reykjanesbæjar.

Búist var við því að álver Norðuráls myndi rísa í Helguvík enda hófust framkvæmdir við byggingu álversins sumarið 2008. Frá árinu 2008 hefur Reykjaneshöfn lagt í fjárfestingar upp á 1,8 milljarða króna. Framkvæmdir við álverið í Helguvík hafa þó verið í biðstöðu síðustu ár, meðal annars vegna deilna um raforkuverð við HS Orku og óvissu um fjármögnun verkefnisins. Þá var skrifað undir viljayfirlýsingu við Íslenska kísilfélagið árið



**Skuldir Reykjanesbæjar hafa margfaldast síðustu ár og á bærinn að óbreyttu ekki fyrir framtíðarskuldbindingum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

2011 sem hugðist gangsetja kísilver árið 2013. Þeim samningi var hins vegar rift þar sem fyrirtækið stóð ekki við gerða samninga. Nú er hins vegar búist við því að kísilver United Silicon taki til starfa síðar á þessu ári. Þá hefur fyrirtækið Thorsil hug á að hefja byggingu kísilvers á næstu misserum sem hæfi starfsemi árið 2018. Fyrirtækið hefur nokkrum sinnum fengið greiðslufrest framlengdan af greiðslu gatnagerðargjalda, nú síðast til 31. júlí næstkomandi. Í tilkynningu frá Thorsil kom fram að ekki liggi allir fyrirvarar um formlegt samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á raforkusamningi við Landsvirkjun og HS Orku fyrir og því hafi dagsetning greiðslu lóða- og hafnargjalda verið framlengd. Greiðslan nemur um 140 milljónum króna samkvæmt tilkynningunni.

### Seldu orkufyrirtæki

Auk lántöku hefur rekstur fjárfestingar og afborganir lána einnig verið fjármagnaðar með eignasölu, til að mynda í orku- og veitufyrirtækjum í eigu bæjarins, sem hefur verið umdeild. Sala eigna og eignaumbreyting nemur 16 milljörðum frá árinu 2002.

Reykjanesbær seldi Geysi Green Energy 34% hluta í orkufyrirtækinu HS Orku árið 2009 fyrir upphæð sem metin var á um 13 milljarða króna. Kaupverðið var greitt með 3 milljarða peningagreiðslu, þriðjungshlut í HS Veitum sem metinn var á 4 milljarða króna og skuldabréfi að fjárhæð 6,3 milljarðar króna. Á móti keypti Reykjanesbær landsvæði og auðlindirnar af HS Orku fyrir 1,3 milljarða króna en leigði þær aftur og átti leiguverðið að hámarki að nema 90 milljónum króna á ári.

Reykjanesbær seldi skuldabréfið sem fékkst við söluna svo áfram til fjárfestingarsjóðsins ORK fyrir 3,5 milljarða króna í peningum og 500 milljónir í markaðsskuldabréfum árið 2012. Eftirstöðvar skuldabréfsins, upp á tæpa tvo milljarða króna, eru hins vegar tengdar álverði og tryggðar með bréfum í HS Orku. Árið 2014 ákvað Reykjanesbær að færa niður virði skuldabréfsins um 637 milljónir króna vegna varúðarsjónarmiða þar sem óvissa væri um raunverulegt virði skuldabréfsins.




GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

## Stýrir Arion fyrir norðan

Guðmundur Ólafsson hefur verið ráðinn svæðisstjóri Arion banka á Norður- og Austurlandi og mun jafnframt gegna stöðu útibússtjóra Arion banka á Akureyri. Guðmundur hefur starfað sem útibússtjóri Arion banka á Egilsstöðum frá árinu 2010, en hann hóf störf hjá bankanum árið 2007. Guðmundur er rekstrar- og viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Bifröst.

Arion banki starfrækir sex útibú á starfssvæðinu, á Akureyri, Blönduósi, Egilsstöðum, Sauðárkróki, Siglufirði og Ólafsfirði. Bankinn starfrækir jafnframt fjarvinnslu á Siglufirði og á Akureyri, meðal annars í tengslum við lífeyrisþjónustu bankans. Alls vinna um 80 starfsmenn hjá Arion banka á Norður- og Austurlandi.



ELÍSABET SVEINSDÓTTIR



## Markaðsstjóri drykkja

Elísabet Sveinsdóttir hefur verið ráðin markaðsstjóri drykkja hjá Ölgerðinni.

Elísabet hefur starfað við markaðsmál um árabil, gegndi stöðu forstöðumanns markaðssviðs Advania og leiddi endurmörkun fyrirtækisins. Hún hefur um árabil verið í fremstu röð markaðsfólks á Íslandi, meðal annars formaður ÍMARK til nokkurra ára. Þá gegnir hún formennsku í Félagi háskólakvenna og kvenstúdenta um þessar mundir.

HRÖNN GREIPSDÓTTIR



## Fjárfestingastjóri hjá VÍB

VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, hefur ráðið Hrönn Greipsdóttur í starf fjárfestingastjóra. Hrönn mun áfram starfa sem framkvæmdastjóri Eldeyjar hjá VÍB en Eldey er fjárfestingafélag sem fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu.

Hrönn er Cand. oecon frá Háskóla Íslands og með MBA með fjármálaáherslu frá CASS í London og hefur jafnframt lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. – sg




Sigríður Bylgja hefur gaman af ferðalögum og lærði meðal annars að kafa í Belís í Mið-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Pírati að leggja lokahönd á heimildarmynd um matarsóun

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Pírata. Hún starfaði áður sem verkefnastjóri hjá Starfsgreinasambandi Íslands og Landvernd og lærði mannvistarfræði í Svíþjóð. Utan vinnunnar stundar hún veiði, sund og ferðalög. Hún segir það ógleymanlegt þegar hún lærði köfun í Belís í Mið-Ameríku.

SVIPMYND

**SIGRÍÐUR BYLGJA SIGURJÓNSDÓTTIR**

„Þetta leggst virkilega vel í mig, Píratar eru stór flokkur og eiga mikið inni fyrir næstu alþingiskosningar þannig að ég hlakka til að koma að starfinu og innra skipulagi, það er rosalega mikið að gera í innra skipulaginu,“ segir Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir sem tók við starfi framkvæmdastjóra Pírata á dögunum.

Um þrjátíu umsækjendur sóttu um stöðuna. Framkvæmdaráð samþykkti einróma að ráða Sigríði Bylgju sem framkvæmdastjóra.

„Í forgangi hjá mér er að fara og kynnast aðildarfélögunum og félögum sem eru í Pírötum og eru mjög virkir í innra starfinu. Fara meðal annars í heimsóknir til aðildarfélaganna okkar úti á landi og styrkja tengsl við landsbyggðina. Það er algjört forgangsatriði. Sýna mig og sjá aðra svo að fólk geti leitað til mín og ég geti miðlað,“ segir hún.

Sigríður Bylgja er með BA-gráðu í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) frá Háskólanum á Bifröst og M.Sc. í mannvistfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

„Mannvistfræði er tiltölulega nýtt nám. Þetta er mjög þverfaglegt nám þar sem er áherslan er svolitið á valddreifingu, sjálfbærni og umhverfismál. Þetta er gagnrýnin samfélagsrýni getum við sagt,“ segir hún.

Sigríður Bylgja hefur komið víða við á ferlinum. Hún hefur starfað sem verkefnastjóri hjá Starfsgreinasambandi Íslands og Landvernd. Hún hefur einnig starfað hjá utanríkisráðuneytinu og Saga Fest. „Ég hef gaman af öllu sem viðkemur mannlegum samskiptum, og það er svo fjölbreytt í hverju það getur falist,“ segir hún.

> **Píratar eru stór flokkur og eiga mikið inni fyrir næstu alþingiskosningar þannig að ég hlakka til að koma að starfinu og innra skipulagi, það er rosalega mikið að gera í innra skipulaginu.**

Sigríður Bylgja er handritshöfundur og er að leggja lokahönd á framleiðslu heimildarmyndarinnar Use Less í samstarfi við Vesturport og Vakandi. „Heimildarmyndin fjallar um matar- og tískusóun og er gagnrýni á neysluhyggjuna í því samfélagi sem við búum í. Hún er á ensku og er hugsuð fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað.“

Maki Sigríðar Bylgju er Ingólfur Þorsteinsson matreiðslumaður. Helstu áhugamál hennar eru veiði og sund og ferðalög almennt. Sigríður Bylgja segir sérstaklega eftirminnilega ferð þegar hún var í starfsnámi um tíma í Belís í Mið-Ameríku og fór og lærði köfun í frægum neðansjávarhelli undan ströndum Belís sem nefnist Bláa holan. saeunn@frettabladid.is

# Húsleit í höfuðstöðvum Google í París

Í gærmorgun gerðu frönsk skattayfirvöld húsleit í höfuðstöðvum Google í París. Húsleitin var hluti af skattsvikarannsókn.

Samkvæmt frétt BBC um málið fóru hundrað skattrannsakenda inn í höfuðstöðvarnar. Lögreglan hefur staðfest þetta. Í yfirlýsingu frá Google segir að fyrirtækið fylgi frönskum lögum og að það sé í fullri samvinnu við yfirvöld og tilbúið að svara spurningum þeirra.

Franska ríkið hefur sakað Google um að eiga eftirstandandi 1,6 milljarða evra, 223 milljarða íslenskra króna, í ógreidda skatta.

Alþjóðleg fyrirtæki hafa sætt gagnrýni að undanförnu fyrir skattahagi sína. Mörg þeirra hafa verið ásökuð um að nota löglegar aðferðir til minnka skattbyrði sína. Í tilfelli Google hefur fyrirtækið einnig sætt gagnrýni fyrir ógreidda skatta í Bretlandi og samdi í janúar við bresk yfirvöld um að greiða aukalega 130 milljónir punda, jafnvirði 23,7 milljarða króna, vegna ógreiddra skatta frá og með árinu 2005. Samningurinn var þó harðlega gagnrýndur fyrir að taka ekki nógu röggsamlega á vandanum.

Evrópusambandið kynnti í apríl áætlun sem mun knýja fyrirtæki til að greina betur frá skattaaðgerðum sínum. Fyrirtæki þurfa opinberlega að greina frá því hve mikið þau greiða í skatt í hverju Evrópusambandslandi, sem og hvað þau geyma í skattaparadísum. – sg




Franska ríkið hefur sakað Google um að eiga eftirstandandi 1,6 milljarða evra, 223 milljarðar íslenskra króna, í ógreidda skatta. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


HB
HÚSGAGNA BANKINN
LAGERSALA
FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030
Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13.00 - 16.00 laugardaga
Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð 48.000
eða 4.545 kr á mánuði
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm
Teborð - verð 66.000
Tilboð 56.000
eða 5.235 kr á mánuði
Stærð 75 x 50 sm - h. 75 sm
Campaign skrifpúlt - verð 176.000
Tilboð 139.000
eða 12.394 kr á mánuði
Stærð 112 x 65 sm - h. 93 sm
Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð 35.000
eða 3.424 kr á mánuði
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm
Chippendale glerskápur - verð 230.000
Tilboð 195.000
eða 17.224 kr á mánuði
Stærð 135 x 50 sm - h. 205 sm
Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð 312.000
eða 27.315 kr á mánuði
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm
Chippendale glerskápur - verð 212.000
Tilboð 169.000
eða 14.981 kr á mánuði
Stærð 120 x 45 sm - h. 195 sm
Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð 137.000
eða 12.221 kr á mánuði
Stærð 175 x 50 sm - h. 60 sm
Sófaborð með 4 skúffur - verð 93.000
Tilboð 67.000
eða 6.184 kr á mánuði
Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm
Sjónvarpsskápur - verð 242.000
Tilboð 194.000
eða 17.138 kr á mánuði
Stærð 180 x 45 sm - h. 60 sm
Carrera lyftistóll - verð 159.000
Tilboð 135.000
eða 12.049 kr á mánuði
Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm
Rubelli hægindastóll - verð 139.000
Tilboð 99.000
eða 8.944 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm
Rubelli hægindastóll - verð 89.000
Tilboð 69.000
eða 6.356 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm
Viktorian skenkur - verð 231.000
Tilboð 185.000
eða 16.361 kr á mánuði
Stærð 175 x 50 sm - h. 90 sm
Upphæðir miðast við raðgreiðslur með kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald
www.husgagnabankinn.is



Viðskipti
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður Félags kvenna í atvinnulífinu

# Er lífið fótbolti?

Fyrr í mánuðinum var hér haldin ráðstefnan „Business and Football“. Stórstjörnur á borð við Kevin Keegan, David Moyes og Ramón Calderón komu til landsins í samstarfi við Arnar F. Reynisson til að deila reynslu sinni og ræða hvað viðskiptalífið geti lært af boltanum. Ég var svo heppin að fá það hlutverk að leiða panel um hvernig á að byggja upp einstakt vinningslið.

**Stjórnun úr íþróttum er hægt að nýta á góðan hátt til þess að efla teymi á vinnustað.**

**Snillingar ræða saman**

Ekki stóð á góðum ráðum frá þessum snillingum en góðu ráðin frá okkar fólki voru ekki síðri. Í mínum panel tóku þátt Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, Halla Tómasdóttir forsetaframbjóðandi, David Moyes og Kevin Keegan. Umræðurnar voru leiftrandi skemmtilegar og góðar. Kevin Keegan ræddi um mikilvægi þess að innan liðs væri pláss fyrir marga leiðtoga. David Moyes talaði um mikilvægi þess að vera heiðarlegur og segja satt þegar kemur að frammistöðu. Andri Þór Guðmundsson ræddi mikilvægi þess að setja skýr markmið og skapa skemmtilega stemmingu í kringum þau. Halla Tómasdóttir kom inn á ástríðuna og hversu mikilvægt væri að brenna af áhuga fyrir verkefnum og hlutverkum.

Öll voru þau sammála um að traust, ástríða og gildi séu lykilhugtök til að byggja upp vinningslið, eða eins og Halla Tómasdóttir komst að orði: „Árangursríkt lið sameinast um skýra framtíðarsýn og starfar á grunni góðra gilda og hefur jafnframt æðri tilgang.“ Mikill samhljómur var á milli þeirra í umræðunni og ekki að sjá að það væri nein gjá á milli viðskipta og íþrótta. Arnar F. Reynisson ráðstefnustjóri var spurður að því hver honum fyndist vera niðurstaða ráðstefnunar og ekki stóð á svörum: „Stjórnun úr íþróttum er hægt að nýta á góðan hátt til þess að efla teymi á vinnustað. Keppnisskap starfsmanna skal ekki letja heldur beina viðkomandi að nýta sigurviljann til þess að drífa samstarfsfólk áfram í stað þess að skapa samkeppni á milli starfsfólks.“

Ásamt ofantöldu tek ég með mér frá umræðunni hvað það er mikilvægt að tala saman og bera saman bækur. Þá langar mig að varpa fram hvort ekki sé tilvalið að fulltrúar FIFA komi næst til Íslands til að læra með viðskiptalífinu góða stjórnarhætti, gegnsæi í viðskiptaháttum, samfélagslega ábyrgð, fjölbreytileika og jafnvægi milli kynja.

# Hjörvar Steinn og Short háðu einvígi í Kópavogi




Hjörvar Steinn Grétarsson, yngsti stórmeistari Íslands í skák, og Nigel Short mættust í Salnum í Kópavogi um síðustu helgi og tefldu sex atskákir. Short vann mótið með 4,5 vinningum gegn 1,5. Það var skákfélagið Hrókurinn sem stóð fyrir mótinu en aðalstyrktaraðilinn var verktakafyrirtækið MótX.

# Harðari peningamarkaðsskilyrði



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Þeir sem fylgjast með umræðum í fjármálafjölmiðlum heimsins um peningamálastefnu fá það á tilfinninguna að seðlabankar prenti peninga sem aldrei fyrr, en þrátt fyrir það aukist hagvöxtur ekki og það sé engin verðbólga og niðurstaðan sé sú að seðlabankarnir séu „skotfæralausir“.

Sannleikurinn er hins vegar allt annar, að minnsta kosti ef maður lítur á það hve mikla peninga seðlabankarnir prenta í raun. Ef við lítum þannig á svokallað grunnfé þá sjáum við að peningamálastefnan er langt frá því að vera eftirgefanleg í sögulegu samhengi – reyndar hafa peningamarkaðsskilyrði herst verulega á síðustu tveimur árum.

Ef við lítum á heildargrunnfé í 20 stærstu hagkerfum heims (G20) þá hefur árlegur vöxtur grunnfjár í G20 löndum fallið úr um það bil 14% á fyrri hluta árs 2014 niður í nánast engan vöxt grunnfjár núna. Þetta er veruleg herðing á peningamarkaðsskilyrðum, sem endurspeglar fyrst og fremst að Seðlabanki Bandaríkjanna hefur lokið við áætlun sína um magnbundna íhlutun og er nú byrjaður að hækka stýrivexti.

Hert peningamálastefna Seðlabanka Bandaríkjanna hefur verið „flutt út“ til landa sem hafa að mestu leyti fastgengi gagnvart Bandaríkjadollar – landa eins og Hong Kong og Sádi-Arabíu, og landa sem láta gengi sitt að mestu fylgja dollarnum – til dæmis Kína.

Ef við lítum á grunnféð um heim allan og herta peningamálastefnu sem við höfum í raun séð síðustu tvö ár, þá er mun auðveldara að skilja af hverju við höfum séð aukinn fjármálaóróa á síðustu 1-2 árum, séð hratt lækkandi hrávöruverð, og hvers vegna það er næstum því verðhjöðnun víða um heim.

Peningamálastefnan í heiminum er ekki slök heldur aðhaldssöm – of aðhaldssöm. Það er mögulegt að Bandaríkin þurfi smám saman að herða peningamálastefnu sína en það er ekki hægt að segja um meirihluta annarra landa í heiminum. Þess vegna er eðlilegt að það, sem við gætum kallað „dollarablokkina“, sé byrjað að hrynja. Þannig fjarlægjast æ fleiri ríki stranga fastgengisstefnu gagnvart dollarnum og síðasta árið höfum við séð nokkur ríki sem byggja á hrávöruútflutningi, eins og Kasakstan og Aserbaídsjan, hætta við fastgengi gagnvart dollarnum og lækka gengi gjaldmiðla sinna verulega.

Sú stefnubreyting sem mestu máli skiptir hefur augljóslega verið í Kína, sem hefur nú opinberlega horfið frá fastgengi gagnvart Bandaríkjadollar og Seðlabanki Kína hefur tilkynnt að hann muni smám saman taka upp frjálsara flotgengi.

Ef við eigum að skilja þróun heimsbúskaparins er mjög mikilvægt að skilja þróun peningamála, en það gengur ekki að við látum blindast af lágum stýrivöxtum.

**Vöxtur grunnfjár í tuttugu stærstu hagkerfum heims**




# Er hægt að krefjast virðingar?



Hin hliðin
Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Expectus

„Þú veist að þú getur ekki að ætlast til þess að fólk beri virðingu fyrir þér bara af því að þú ert komin með titil,“ sagði mamma við mig þegar ég var nýtekin við mínu fyrsta stjórnunarstarfi í heimabæ mínum og var að mikla fyrir mér að samstarfsfólk mitt með margra ára reynslu á bakinu væri ekki sjálfkrafa ginnkeypt fyrir stelpunni hans Ýtu-Bjarna sem yfirmanni. „Þú þarft að ávinna þér traustið og það tekur tíma. Það er ekki til nein flýtileið.“ Í þessu, eins og svo mörgu öðru, hafði mamma rétt fyrir sér. Ég þurfti að sýna og sanna, í gegnum framkomu mína og hegðun til lengri tíma, að ég væri traustsins verð og að mark væri á mér takandi.

Heilindi, virðing og traust eru hugtök sem eru okkur ofarlega í huga í íslensku samfélagi í dag. Sama hver vettvangurinn er, þá er fólk almennt á sama máli um að traust sé forsenda þess að samfélag okkar þróist og þroskist í rétta átt. Það á við í stjórnmálum og það á við í viðskiptalífinu. Það á við í samskiptum augliti til auglitis og það á við í netheimum.

**Þeim sem taka að sér ábyrgðarstöður ber skylda til að treysta öðrum og ávinna sér traust án þess að krefjast nokkurs á móti.**

Festa gaf fyrir nokkrum árum út leiðarvísi fyrir siðferðislega ábyrgar ákvarðanir. Þar eru níu spurningar sem gott er að spyrja sig áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar:

**1** Er þetta löglegt?
**2** Er ég að brjóta reglur eða sáttmála?
**3** Stríðir þetta gegn stefnu fyrirtækisins?
**4** Hvaða áhrif hefur þetta á aðra en okkur?
**5** Hvað ef allir gerðu þetta?
**6** Stríðir þetta gegn lífsreglum mínum?
**7** Myndi ég vilja sjá þetta á netinu á morgun?
**8** Hvað mun samstarfsfólki mínu þykja um þetta?
**9** Myndi ég segja fjölskyldu minni frá þessu?

Þeim sem taka að sér ábyrgðarstöður ber skylda til að treysta öðrum og ávinna sér traust án þess að krefjast nokkurs á móti. Þegar við horfum yfir íslenskt atvinnulíf og stjórnmál í dag er áhugavert að velta þessum spurningum fyrir sér. Erum við sem einstaklingar, stjórnendur, stjórnmálamenn og skoðanamyndandi áhrifafólk yfirleitt að axla þessa ábyrgð? Erum við að spyrja okkur þessara spurninga?

# GÓMSÆT TILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland, á frábæru verði!*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. maí 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.810,31 -25,66
(-1,4%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Einkavæðing án umræðu

**Félag í eigu** reykvíska fasteignarisans Gamma hefur náð samkomulagi um kaup á leigufélaginu Kletti af Íbúðalánasjóði. Klettur var stofnað utan um 450 leiguíbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs, en samkvæmt fregnum greiddi Gamma rétt ríflega 10 milljarða króna fyrir félagið.

**Íbúðalánasjóður** er eins og flestir vita í eigu og umsjá ríkisins. Samkvæmt heimasíðu sjóðsins er það meðal annars markmið hans „að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum“.

**Ekki er gott** að sjá hvernig salan á Kletti til einkaaðila, sem hefur það yfirlýsta markmið (eins og eðlilegt er) að hámarka arðsemi eigna sinna, rímar við yfirlýst markmið Íbúðalánasjóðs. Jafnvel þótt kaupunum hafi fylgt sú kvöð að óheimilt sé að hækka leigugreiðslur leigutaka í tólf mánuði, er varla hægt að búast við öðru en að til lengri tíma muni leigugreiðslur hækka umtalsvert.

**Margir kvarta** undan því að erfitt sé fyrir ungt fólk að eignast húsnæði á Íslandi, og að leigumarkarkaðurinn hækki á sama tíma upp úr öllu valdi. Fáir raunhæfir og viðráðanlegir kostir séu því fyrir ungt fólk til að koma sér upp húsnæði. Þrátt fyrir að stjórnarmaðurinn sé reyndar þeirrar skoðunar að nánast hvergi á byggðu bóli sé auðveldara að fjármagna og festa kaup á húsnæði en á Íslandi (til dæmis hvað varðar húsnæðisverð sem margfeldi árstekna, eða aðgengi að lánsfé) er sennilega nokkuð til í því síðarnefnda.

**Leigumarkaðurinn** á Íslandi á óneitanlega eftir að taka út nokkurn þroska. Leiga er til dæmis hlutfallslega afar há miðað við nágrannalöndin, en mun auðveldara er að innheimta hlutfallslega háar leigugreiðslur á Íslandi til að standa undir mikilli skuldsetningu. Einnig virðist sem mikill hörgull sé á góðum leigukostum.

**Stjórnmálamenn virðast** sömu skoðunar ef marka má hið margfræga húsnæðisfrumvarp Eyglóar Harðardóttur. Því er í raun stórfurðulegt að ríkisrekin stofnun hafi án umræðu fengið að selja frá sér gríðarlegt magn af leigueignum, án þess að því er virðist að nokkur greining hafi átt sér stað á því hvaða áhrif þessi sala kynni að hafa á markaðinn til lengri tíma.

**Enn furðulegra** er svo að þessi sala virðist með öllu stangast á við lögbundið hlutverk Íbúðalánasjóðs. Menn getur greint á um hvort sjóðurinn eigi yfirleitt tilvistarrétt, en ef hann á yfirhöfuð að starfa skal hann halda sig innan síns lögbundna hlutverks. Kallast þetta ekki einfaldlega einkavæðing án umræðu?

HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## 55%

**VILJA VERA ÁFRAM Í ESB**

Samkvæmt nýrri könnun breska dagblaðsins The Telegraph styðja 55 prósent Breta áframhaldandi veru í Evrópusambandinu en 42 prósent vilja yfirgefa ESB. Helstu stuðningshópar útgöngu virðast hafa skipt um skoðun. Karlmenn, íhaldssamt fólk og eldri borgarar mælast nú líklegri til að kjósa áframhaldandi veru í ESB.

## 0,3%

**HÆKKUN LAUNAVÍSITÖLU**

Launavísitala í apríl 2016 hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði og er 570,4 stig samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta er minnsta hækkun launavísitölu milli mánaða á árinu. Í febrúar hækkaði launavísitalan mest, eða um 3,5 prósent. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 13,4 prósent.

**22.05.2016**



**Þegar ég kom af þessum fundi þá var ég brosandi, glaður. Forsetinn hins vegar rauk til í óðagoti og, mér heyrist af lýsingum að dæma geðshræringu og hélt í skyndi blaðamannafund og braut áratugagamla hefð um þær reglur sem gilda í samskiptum forsætisráðherra og forseta.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins





17
2017
VIÐ BJÓÐUM
Morgunverð
ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN
MORGUNVERÐ GILDA Á VÖLDUM STÖÐUM ÚT MAÍ 2016
IS MA 345
kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN
ATH. MORGUNVERÐ GILDA Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MAÍ 2016
REYKJAVÍK
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
Grafarvogur, Gylfaflöt 19, 112 Rvk.
KÓPAVOGUR
Dalvegi 22, 200 Kópavogur
HAFNARFJÖRÐUR
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður
GARÐABÆR
Litlatúni 1, 210 Garðabær
REYKJANESBÆR
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær
SELFOSS
Hrísmýri 9, 800 Selfossi
AKUREYRI
Frostagötu 3a. 603 Akureyri
KOMDU Í „MORGUNVERÐ“ HJÁ FRUMHERJA Á MILLI KLUKKAN 8-11 VIRKA MORGNA. AÐALSKOÐUN FYRIR KR. 7.710. GÆÐA KAFFI OG FRÍTT WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun um allt land



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir og afi,

**Einar Laxness**
sagnfræðingur,
Stóragerði 29, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 23. maí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elsa Jóna Theódórsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir Laxness**
**Halldór E. Laxness**
**Margrét E. Laxness**
**Einar E. Laxness**
**Hjalti Garðar Lúðvíksson**
**Theódór Lúðvíksson**
**og fjölskyldur.**



✝

**Gunnar Bjarnason**
frá Böðvarsholti

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, föstudaginn 20. maí.
Útför hans fer fram frá Búðakirkju laugardaginn 28. maí kl. 14.

**Þorsteinn Reynir Svavarsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Bjarnveig Gunnarsdóttir** **Gunnar Vilhelmsson**
**Eyjólfur Gunnarsson** **Hildur Sveinbjörnsdóttir**
**Bjarni Gunnarsson** **Lára Heiður Sigurbjörnsd.**
**Þórður Gunnarsson** **Sunna Svanhvít Söebeck**
**Rúnar Atli Gunnarsson** **Margrét Björk Björnsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Friðrik Ingimar Jónsson**
rafvirki,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 20. maí.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Halldóra Guðmundsdóttir**
**Þórunn Ingimarsdóttir**
**Bjarnveig Ingimarsdóttir** **Magnús Agnarsson**
**Ingunn Ingimarsdóttir** **Kristinn G. Ólafsson**
**Halldóra Ingimarsdóttir** **Pétur M. Sigurðsson**
**Bergþóra V. Ingimarsdóttir** **Einar Th. Jónsson**
**Jón Ingimarsson** **María Ósk Steinþórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

**Sigrún Bergþórsdóttir**
frá Húsafelli

er látin.
Útförin fer fram frá Reykholtskirkju fimmtudaginn 26. maí klukkan 13.
Jarðsett verður á Húsafelli.

**Bergþór Kristleifsson** **Hrefna Sigmarsdóttir**
**Þorsteinn Kristleifsson** **Ingveldur Jónsdóttir**
**Ingibjörg Kristleifsdóttir** **Halldór Gísli Bjarnason**
**Þórður Kristleifsson** **Edda Arinbjarnar**
**Jón Kristleifsson** **Anna Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**Páll Bergþórsson**
**Jón Bergþórsson**
**Gyða Bergþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Tilhlökkunin til afmælishátíðarinnar leynir sér ekki hjá Erni skólastjóra og 6. bekkingum í Grandaskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Halló, Grandaskóli kallar

## Skrúðganga, sirkus, leik- og danssýningar, söngur og upplestur úr eigin bekkjarbók eru meðal atriða á afmælishátíð Grandaskóla á morgun, að ógleymdum veitingum.

Þrjátíu ára sögu Grandaskóla verður fagnað á morgun, fimmtudag. Frá 16 til 18.30 er opið hús fyrir nemendur, starfsmenn og aðra velunnara. „Okkur þætti mjög gaman ef gamlir nemendur létu sjá sig. Grandaskóli kallar á þá,“ segir Örn Halldórsson skólastjóri glaðlega. Hann hóf kennslu við skólann 1989 og hefur starfað þar síðan að undanskildum fáum árum. „Hér hefur verið stabíll starfsmannahópur og það er gaman að segja frá því að nokkrir fyrrverandi nemendur eru orðnir hér kennarar og stuðningsfulltrúar,“ segir hann.

Skólinn varð til 1986 þegar Grandahverfið var í uppbyggingu. „Mestur hefur nemendafjöldinn verið 470 en er núna um 300 og fer fjölgandi,“ lýsir Örn. „Héðan fara svo krakkarnir í Hagaskóla eins og úr Melaskóla.“

Aftur að afmælisdagskránni sem Örn lýsir. „Sirkus Íslands verður fyrstur á svið klukkan 16, í boði foreldrafélags skólans. Nemendur láta ekki sitt eftir liggja, 5. bekkur sýnir Stomp og 7. bekkur atriði úr Kardimommubænum. Svo verða tónlistaratriði og sýningar í öllum stofum auk þess sem börn í 6. bekk lesa upp úr bók sem þau eru að gefa út í samvinnu við Forlagið og Odda. Sum atriðin verða flutt oftar en einu sinni og áformað er að hluti dagskrárinnar verði á sviði utan dyra, til dæmis stór danssýning klukkan 18. Svo endar þetta á að hljómsveit foreldrafélagsins stígur á svið, þannig að það bæði byrjar og endar dagskrána. Það sér líka um veitingar – kökur og drykki.“

Örn segir undirbúning hafa staðið frá því fyrir áramót enda sé eftirvæntingin mikil. „Auðvitað vonum við að veðrið verði okkur hagstætt en erum viðbúin hinu.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Bróðir minn,

**Jóhannes Gunnar Jóhannesson**
tæknifræðingur
frá Hnífsdal,

lést á Landspítalanum þann 9. maí.

Bálför hefur farið fram.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Sigurður Jóhannesson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Jóhanns Kristinssonar**
frá Raufarhöfn,
síðast til heimilis að Breiðvangi 18, Hafnarfirði.

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Eiríkur Jóhannsson** **Sigríður Helga Olgeirsdóttir**
**Fanney Margrét Eiríksdóttir, Sóley Sara Eiríksdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Pálmi Jónsson**
**Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Helgi Pálmason**



✝

Ástkær móðir mín, dóttir, systir og mágkona,

**Auður Gunnarsdóttir**
Hraunbæ 150,

lést á Landspítalanum Hringbraut þann 11. maí 2016. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.

**Ásta Rut Hjartardóttir**
**Sigríður Benný Eiríksdóttir**
**Eiríkur Gunnarsson** **Valgerður Stefánsdóttir**
**Trausti Gunnarsson** **Berglind Rut Sveinsdóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir** **Guðjón Pétur Ólafsson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Bjarni Snæbjörnsson**
**Unnur Gunnarsdóttir**



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þráinn Karlsson**
leikari,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri, sunnudaginn 22. maí síðastliðinn.
Útförin fer fram í Akureyrarkirkju mánudaginn 30. maí kl. 13.30.

**Ragnheiður Garðarsdóttir**
**Rebekka Þráinsdóttir** **Örlygur Benediktsson**
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Kristín Konráðsdóttir** **Ísleifur Karl Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Varahlutir í bílinn




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðlæg átt, 8-15, skýjað og rigning fyrri partinn í dag, einkum vestan til, en hægari og úrkomuminna þegar líður á daginn. Lengst af þurrt og bjart veður norðaustan- og austanlands. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast norðaustan til á landinu.

### Fimmtudagur

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|---|
| Hiti | 8° | 7° | 7° |
| Vindur | 9 | 19 | 13 |

| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|
| Hiti | 10° | 9° | 3° |
| Vindur | 11 | 8 | 18 |

### Föstudagur

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|---|
| Hiti | 8° | 7° | 7° |
| Vindur | 9 | 5 | 5 |

| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|
| Hiti | 9° | 8° | 4° |
| Vindur | 8 | 4 | 12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. á endanum
6. skóli
8. op
9. í viðbót
11. holskrúfa
12. vígja til krúnu
14. verkfæri
16. málmur
17. hár
18. festing
20. tvíhljóði
21. þurrka út

**LÓÐRÉTT**
1. fyrirhöfn
3. einnig
4. borðflaska
5. arinn
7. drullusokkur
10. belja
13. spil
15. bor
16. árkvíslir
19. tvö þúsund



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. loks, 6. ma, 8. gat, 9. auk, 11. ró, 12. krýna, 14. hrífa, 16. ál, 17. ull, 18. lím, 20. au, 21. afmá.
**LÓÐRÉTT:** 1. ómak, 3. og, 4. karafla, 5. stó, 7. aurhlíf, 10. kýr, 13. níu, 15. alur, 16. ála, 19. mm.

### Skák Gunnar Björnsson

Aljekín átti leik gegn Naegli í Bern árið 1932.

**1. ... Dg3+! 2. Dxg3 Hh5#.** Ernesto Inarkiev sigraði á EM einstaklinga sem fram fór í Gjakova í Kósovó.

**www.skak.is:** Einvígi Jóhanns og Shorts.

Svartur á leik



### Sudoku

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 8 | 4 | 7 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 |
| 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 3 | 9 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 2 | 8 | 6 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi 7




- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Mótakrossviður
- Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- Veggplötur með nót
- Skrúfur og festingavörur
- Sökkuldúkur



International Plywood BV — UNILIN

| Súluskór kr. 650 | Vinkill 90x90 kr. 120 | Þakásanker 170x32mm kr. 65 | Gataplata 45x130mm kr. 230 | Bjálkaskór frá kr. 220 |
|---|---|---|---|---|

GAH ALBERTS — domax





## Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

| Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A4 | A2 | Rafgalv | Ruspert | Gipsskrúfur | Kopar |



Chemfix teinalím 345 ml
**2.295**

Bostik 7002 festifrauð All season 750 ml
**1.190**

# MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING



Sigurður Halldórsson sellóleikari, Halldór Bjarki Arnarson semballeikari, Þóra Margrét Sveinsdóttir víóluleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir fiðluleikari, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran og Arngeir Heiðar Hauksson, gítar- og lútuleikari. MYND/JÓHANNA HELGA ÞORKELSDÓTTIR

# Barokktónlist með ferskri framsetningu

**Hin kröftuga kantata La Lucrezia eftir Händel er þungamiðja tónleika sem nýstofnaður barokkhópur, Symphonia Angelica, verður með í Guðríðarkirkju í Grafarholti á morgun.**

„Við erum með sónötur, kantötu, sinfóníur og aríur eftir Purcell, La Guerre, Händel og Vivaldi, allt falleg og grípandi verk,“ segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-sópransöngkona í hinum nýstofnaða barokkhópi Symphonia Angelica sem kemur fram í Guðríðarkirkju í Grafarholti annað kvöld, fimmtudag, klukkan 19.30 á vegum Listahátíðar.

Aðalverk kvöldsins er kantatan La Lucrezia eftir Händel sem Sigríður Ósk segir dramatískt verk en kröftugt. „Ég söng þessa kantötu fyrir nokkrum árum í Kings Place í London með Classical Opera Company og langaði að taka hana aftur en til þess þurfti ég góðan hóp tónlistarmanna. Hún Sigríður Ella söngkona, kennari minn og vinkona benti mér á að tala við Sigurð Halldórsson sellóleikara sem bæði er í barokk- og nútímatónlist. Hann smalaði saman fleiri hljóðfæraleikurum, blöndu af nýútskrifuðu fólki og reynsluboltum sem eru starfandi hér heima og erlendis. Til dæmis er einn lútuleikari, búsettur í London og spilar þar eldri músík. Flott að fá hann því atvinnumenn á lútu eru ekki á hverju strái. Þetta eru allt frábærir tónlistarmenn og ótrúlega gaman að fá að vinna með þeim. Við eigum eftir að gera meira saman.“

Sigríður Ósk segir smá tvist verða á tónleikunum annað kvöld. „Við erum með þá stefnu að vera með ferska nálgun á verkin, til dæmis með smá spuna á milli þeirra þannig að þeir verði ein heild,“ segir hún og ber lof á salinn. „Það er stórkostlegur hljómburður í Guðríðarkirkju,“ segir hún.

Tónleikarnir taka rúman klukkutíma. Miðar verða seldir við innganginn og líka á listahátíðarsíðunni.

**gun@frettabladid.is**

## DRAMATÍSKT VERK

**Kantatan La Lucrezia eftir Händel er byggð á örlögum Lucreziu, stúlku af góðum ættum sem var uppi í Róm um 500 árum fyrir Krist þegar harðstjórinn L. Tarquinius Superbus var við völd. Sonur konungsins, Sextus, nauðgar Lucreziu og hún fremur sjálfsmorð af skömm. Eiginmaður Lucreziu sver að drepa konunginn og í kjölfarið verður bylting, konungdæmið hrynur og rómverska lýðveldið er stofnað.**

**Sagan af Lucreziu hefur verið listamönnum innblástur um aldir og í þessu verki fara áheyrendur með Lucreziu í tilfinningaferðalag með hjálp Händels.**

# Opnum glugga inn í norræna tónlist

Arctic Concerts er ný tónleikaröð í Norræna húsinu, með tónleikum öll fimmtudagskvöld í sumar, frá 26. maí 2016 og fram á haust. Fyrstu tónleikarnir verða annað kvöld kl. 20.30. Guðni Franzson er faglegur stjórnandi tónleikaraðarinnar sem hann segir að sé ætluð áhugasömum ferðamönnum ekki síður en íslenskum tónlistarunnendum sem vilja kynnast íslenskri og norrænni tónlist í nánd og vinalegu umhverfi.

„Þetta verður um klukkustundar dagskrá í hvert sinn og hugmyndin er að vera þarna með blandaða stíla. Þarna verður klassík, popp, djass, rokk og er efnisskrá og framsetning alfarið í höndum flytjenda hverju sinni. Ég ætla að byrja sjálfur núna á fimmtudagskvöldið ásamt Valgerði Andrésdóttur píanóleikara og leika tónlist eftir Jón Nordal, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson, Hauk Tómasson, Jóhann Jóhannsson og fleiri. Þetta er ljúf, falleg tónlist eftir íslensk tónskáld.

Við erum svona að leitast við að opna glugga inn í íslenska tónlist frá ýmsum hliðum og tengjum okkur líka við Grænland og Færeyjar og svona þetta Norðvestur-Atlantshafssvæði fremur en til að mynda Skandinavíu. Þetta er svæði sem er gaman fyrir fólk að kynnast tónlistarlega enda býr það svo sannarlega yfir sinni sérstöðu.“ **– mg**

Umsóknarfrestur um dipómanám við Myndlistaskólann í Reykjavík hefur verið framlengdur til 31. maí

Keramik
Málaralist
Teikning
Textíll

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
Hringbraut 121, 101 Reykjavík • sími: 5511990
www.myndlistaskolinn.is





REGNDANS
VERTU MEÐ ALLT ÞITT Á ÞURRU FYRIR SUMARIÐ.
ÞÚ FÆRÐ VANDAÐA HLÍFÐARFATNAÐINN
FRÁ DIDRIKSONS Í ÚTILÍF.
Slaskeman
Waterman
Wylie
Monte
Wylie
Monte
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 7, 10 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:50 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8, 10 |
| CAPTAIN AMERICA | 10 |
| RATCHET & CLANK | 5:50 |

SAMBÍÓIN
ALICE THROUGH THE LOOKING GLASS
Framhald af einni vinsælustu ævintýramynd allra tíma
KEY & PEELE KEANU KITTEN, PLEASE.
ROLLING STONES HITFIX ROGEREBERT.COM NEW YORK POST 78%
X-MEN APOCALYPSE
JENNIFER ANISTON KATE HUDSON JULIA ROBERTS JASON SUDEIKIS
MOTHER'S DAY
Frábær rómantísk gamanmynd frá leikstjóra Pretty Woman og Valentine's Day
95%
THE JUNGLE BOOK

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5:30 - 8:40 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 - 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 8 - 10:20 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:40 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 6:30 - 9 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ADEINS ÞEIR STERKU LIFA AF
X-MEN APOCALYPSE
FORELDRABÍÓ ANNAN HVERN FÖSTUDAG KL. 12 Í SMÁRABÍÓI
Ópera í beinni WERTHER 26. júní í Háskólabíói FORSALA HAFIN
ANGRY BIRDS
BAD NEIGHBOURS 2
FLÓÐBYLGJAN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**25. MAÍ 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Ashkenazy á Listahátíð
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Feðgarnir Vladimir og Vovka Ashkenazy stjórna tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ýmsar perlur klassískrar tónlistar verða teknar fyrir. Miðaverð er 2.400-6.900 krónur.

**Hvað?** Trúbadorinn Siggi Þorbergs og Ingunn
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** American Bar
Það verður trúbadorastemming á American Bar í kvöld.

**Hvað?** DJ Intro Beats
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Intro Beats mun gera allt vitlaust á Kaffibarnum í kvöld.




**Hvað?** Tim McMillian
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Ástralski gítarleikarinn Tim McMillian spilar á landinu í fyrsta sinn ásamt fiðluleikaranum Rachel. Um upphitun sér Svavar Knútur.

**Hvað?** Scott Hardware, Wesen og Straumur DJ-sett
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Raftónlistarmaðurinn Scott Hardware mætir frá Kanada og ætlar að spila smá tónlist fyrir gesti Húrra. Reykvíska hljómsveitin Wesen kemur einnig fram auk þess sem útvarpsþátturinn Straumur sér um að skemmta fólki með tónlist á milli atriða. 1.000 kall inn.

**Hvað?** Dómkórinn í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Landakotskirkja
Seinni vortónleikar Dómkórsins. Aðgangseyrir aðeins 2.000 krónur.

**Hvað?** Spottarnir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Petersen svítan
Vísnasveitin Spottar verður með tónleika og flytur fullt af skemmtilegum lögum eftir Hank Williams, Megas og fleiri. Grace O'Friel er bandarískur söngvari sem mun einnig stíga á svið. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** T-EMP raflistahópurinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sölvhóll, Listaháskóla Íslands
T-EMP er norsk rafsveit sem mun opna raflistahátíðina Raflost. Frítt inn.



**Bylgja Babýlons mun kynna Stattupp, uppistandskvöld á Gauknum í kvöld, og er líklegt að hún muni við það tækifæri fara með gamanmál.**

## Fundir

**Hvað?** Hvatningarverðlaun jafnréttismála – morgunfundur
**Hvenær?** 8.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Hvatningarverðlaun jafnréttismála verða afhent í þriðja sinn á þessum fundi sem ber yfirskriftina „Er pláss fyrir jafnrétti í nýsköpun?“.

**Hvað?** Almannatryggingar og starfsgetumat: Nýtt kerfi – fyrir hvern?
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Grand Hotel
Málþing þar sem verður brugðið ljósi á áætlanir stjórnvalda í málum almannatrygginga. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Kynning á framhaldsnámi í líf- og raunvísindum í Bandaríkjunum
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Háskólatorg
Dr. Jan F. Chlebowski, varaforseti framhaldsnáms við VCU School of Medicine við Virginia Commonwealth University í Richmond í Virginíu, heldur kynningarfund um framhaldsnám í líf- og raunvísindum í Bandaríkjunum. Aðgangur er ókeypis.

## Uppákomur

**Hvað?** Warcraft forsýning
**Hvenær?** 20.00 og 22.20
**Hvar?** Laugarásbíó
Nexus mun standa að forsýningu á Warcraft-myndinni í kvöld. Þetta verða tvær sýningar – annars vegar klukkan 20.00 þar sem myndin verður sýnd í þrívídd og hins vegar 22.20 þar sem hún verður sýnd í tvívídd. Fólk er að sjálfsögðu hvatt til að mæta í búningum en það verður engin formleg búningakeppni. Hægt er að panta miða í síma 552 9011 og 552 9020 á meðan birgðir endast. Miðaverð er 1.900 krónur á 3D og 1.700 krónur á 2D.

**Hvað?** Fjórir MS-fyrirlestrar í næringarfræði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Askja, Háskóla Íslands
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Elísabet Reynisdóttir, Birta Ólafsdóttir og Elínborg Hilmarsdóttir munu allar flytja fyrirlestra um næringarfræði í dag í Háskóla Íslands.

**Hvað?** Lokahóf listasýningarinnar Kona
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallery O, Ármúla 4-6
Lokahóf listasýningarinnar Kona verður haldið í kvöld í Gallery O. Þarna verða málverk eftir Gunnar Gunnarsson og skúlptúrar eftir Finnboga Gunnlaugsson. Öll verkin verða til sölu og er aðgangur ókeypis.

## Uppistand

**Hvað?** Stattupp #2
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Opinn hljóðnemi þar sem hverjum sem er er heimilt að spreyta sig í uppistandi. Kynnir kvöldsins verður Bylgja Babýlons og það verður frítt inn.

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Ardennes ENG SUB ........ 18:00
Room ........ 17:45
Anomalisa ........ 18:00
Brev til kongen ........ 20:00
Keep Frozen ENG SUB ........ 20:00
Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB ........ 20:00
The Witch / Nornin ........ 22:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 22:00
Louder than bombs ........ 22:00
KEEP FROZEN
BREV til KONGEN




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **29. maí** eða meðan birgðir endast




20:10
Á UPPLEIÐ
Hún hefur stjórnað stærsta spítala Íslands sem og Noregs og berst fyrir enn frekari einkarekstri í heilbrigðisgeiranum. Hulda Gunnlaugsdóttir rekur 46 hjúkrunarheimili og er hvergi nærri hætt.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

20:45
GREY'S ANATOMY
Lokaþáttur í einni vinsælustu dramaseríu í heimi sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
LOKAÞÁTTUR


21:30
BLINDSPOT
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane Doe hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.


22:20
TOGETHERNESS
Vandaðir gamanþættir um tvö pör sem búa undir sama þaki og þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.



22:00
GONE GIRL
Dramatísk spennumynd um hjón sem hafa verið gift í fimm ár en á sjálfan brúðkaupsafmælisdaginn hverfur eiginkonan.


20:20
MAYDAY: DISASTERS
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán og sprengjuhótanir um borð í flugvélum.


Kl. 21:40
COLD CASE
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.


©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go
**07.50** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Logi í beinni
**11.10** Anger Management
**11.35** Enlightened
**12.05** Hello Ladies
**12.35** Nágrannar
**13.00** Feðgar á ferð
**13.25** Manstu
**14.10** Mayday
**14.55** Glee
**15.40** Sirens
**16.05** Baby Daddy
**16.30** Teen Titans Go
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.07** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** The Middle
**19.45** Mike & Molly
**20.10** Á uppleið
**20.40** Grey's Anatomy
**21.25** Blindspot
**22.10** Togetherness
**22.40** You're The Worst
**23.05** Containment
**23.50** The Blacklist
**00.35** Lucifer
**01.20** Louie
**01.40** Your're the Worst
**02.05** The Marine 3: Homefront
**03.35** Numbers Station
**05.00** Anger Management
**05.20** Mindy Project
**05.45** The Middle
**06.05** Simpson-fjölskyldan

## SPORT

**08.20** Breiðablik - Þór/KA
**10.00** Deportivo - Real Madrid
**11.40** Man. Utd. - Bournemouth
**13.20** Stjarnan - FH
**15.05** Breiðablik - KR
**16.50** Pepsímörkin
**18.10** Breiðablik - Þór/KA
**19.50** Fjölnir - Valur Bein útsending
**22.00** Markaþáttur Pepsí deildar kvenna
**22.45** Demantamótaröðin - Rabat
**00.45** Haukar - KR
**02.35** Körfuboltakvöld

## SPORT 2

**15.15** Watford - Sunderland
**16.55** AC Milan - Roma
**18.35** Ítölsku mörkin
**19.00** Southampton - Crystal Palace
**20.40** Everton - Norwich
**22.20** Messan
**22.55** Pepsímörkin

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** PGA Tour 2016
**14.00** Golfing World 2016
**14.50** PGA Tour 2016
**19.50** Golfing World 2016
**20.40** Champions Tour Highlights
**21.35** PGA Tour 2016 - Highlights
**22.30** Golfing World 2016
**23.20** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 3

**18.15** League
**18.25** Masterchef USA
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Last Man Standing
**19.55** Silicon Valley
**20.20** Mayday
**21.05** The Listener
**21.50** American Horror Story: Hot
**22.35** Supergirl
**23.20** Flash
**00.05** Gotham
**00.50** Arrow
**01.35** Last Man Standing
**02.00** Silicon Valley
**02.25** Mayday
**03.10** The Listener
**03.55** American Horror Story: Hot
**04.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** UKI
**08.00** Ljóti andarunginn og ég
**08.25** Latibær
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Lína langsokkur
**09.25** Lukku láki
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Víkingurinn Viggó
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** UKI
**12.00** Ljóti andarunginn og ég
**12.25** Latibær
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Lína langsokkur
**13.25** Lukku láki
**13.48** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Víkingurinn Viggó
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** UKI
**16.00** Ljóti andarunginn og ég
**16.25** Latibær
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Lína langsokkur
**17.25** Lukku láki
**17.48** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Víkingurinn Viggó
**19.00** Ljóti andarunginn og ég



**15.24**
**11.24**
**07.24**
**Svampur Sveinsson**

## GULLSTÖÐIN

**18.10** Raising Hope
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** Friends
**19.25** Modern Family
**19.50** Veturhús
**20.55** Chuck
**21.40** Cold Case
**22.25** Shetland
**23.20** Friends
**23.45** Veturhús
**00.50** Chuck
**01.35** Cold Case
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Annie
**12.50** Wedding Crashers
**14.50** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me
**16.25** Annie
**18.25** Wedding Crashers
**20.25** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að stela kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtur dyggrar aðstoðar kynbombunnar Felicity Shagwell. Það má heldur ekki gleyma að minnast á smávaxna eftirgerð Dr. Evils, Mini-Me, og hinn magnaða Skota Fat Bastard sem setja svip sinn á myndina.
**22.00** Gone Girl
**00.25** Bessie Vönduð sjónvarpsmynd úr smiðju HBO sem segir sögu Bessie Smith. Bessie var litríkur karakter sem öðlaðist frægð sem blússöngkona í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar.
**02.20** Sin City: A Dame To Kill For
**04.05** Gone Girl

## RÚV

**17.15** Landinn
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Í garðinum með Gurrý
**20.40** Hæpið
**21.05** Bækur og staðir
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Börn eru rót alls ills
**23.35** Hernám
**00.20** Kastljós
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Black-ish
**13.55** Jane the Virgin
**14.40** 90210
**15.25** Life In Pieces
**15.50** Grandfathered
**16.15** The Grinder
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.45** Leiðin á EM 2016
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Chicago Med
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Wicked City

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




## Hverfið mitt – Hugmyndasöfnun

# Nú er tækifærið til að skila inn betri tillögum

Hvernig getur þitt hverfi orðið enn betra? Núna getur þú komið þinni hugmynd á framfæri, hvort sem hún er raunhæf eða ekki. Sendu inn tillögu á **betrireykjavik.is** fyrir 15. júní.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 16-1297

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Vogue fagnar 100 árum

Hið sögufræga tískutímarit fagnaði aldarafmæli í London á dögunum og fína og fræga fólkið lét sig ekki vanta.



Kim Kardashian mætti ásamt eiginmanni sínum. Fataval Kim vekur gjarnan athygli og klæddist hún Cavalli Couture. Hér eru þau hjónakornin, sem fögnuðu einmitt tveggja ára brúðkaupsafmæli í gær, ásamt listrænum stjórnanda Cavalli, Peter Dundas. Á Snapchat-reikningi Kim mátti einmitt sjá hann vera að gæða sér á rifjum á leið í partíið. NORDICPHOTOS/GETTY



Tískugyðjan Alexa Chung lét sig að sjálfsögðu ekki vanta en virtist vera eitthvað pínu hissa þegar hún mætti á svæðið.



Kate Moss er svo sannarlega ekki að pósa í fyrsta skipti. Kate er ein af þekktari fyrirsætum heims en hún hóf að starfa sem fyrirsæta 14 ára gömul.



Líkt og gefur að skilja fjölmenntu fyrirsætur og hönnuðir í afmælishátíðarhöldin. Hér er Lara Stone ásamt Tom Ford.



Joan Collins lét sig að sjálfsögðu ekki vanta í partiið en guðdóttir hennar, Cara Delevingne, var hvergi sjáanleg.





Leikkonan Demi Moore mætti líka á svæðið og var í rosalega fínum kjól.



Borgarstjóri Lundúna, Sadiq Khan, og eiginkona hans, Saadiya Khan, létu sig ekki vanta.

# DEBENHAMS

## FULLT AF FLOTTUM MERKJUM



# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT SUNNUDAG*

*AFSLÁTTUR AF MAC GILDIR BARA
Í DAG OG Á MORGUN, 25. OG 26. MAÍ

Made in Iceland BIOEFFECT
BIOTHERM
Christian Dior
CLARINS
CLINIQUE
Elizabeth Arden NEW YORK
ESTĒE LAUDER
essie
HR HELENA RUBINSTEIN
LANCÔME PARIS
L'ORÉAL PARIS
MAC
O·P·I
ST.TROPEZ
SENSAI
SHISEIDO
YVES SAINT LAURENT

## Opið 11 til 19 í dag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Serta
LOSAÐU ÞIG VIÐ SVEFNVANDAMÁLIN Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL

Serta perfect sleeper
OFFICIAL MATTRESS NATIONAL SLEEP FOUNDATION
HEILSUDÝNA HÖNNUÐ Í SAMVINNU VIÐ
AMERICAN SLEEP FOUNDATION
TIL AÐ LEYSA 5 ALGENGUSTU SVEFNVANDAMÁLIN
KEMUR Í VEG FYRIR MYNDUN ÞRÝSTIPUNKTA
Comfort Right® Layers
STEYPTAR HLIÐARSTYRKINGAR
Comfort Last® Construction

CARBON STEEL POKAGORMA-KERFI
Custom Support® System
HINDRAR ÓÞARFA HREYFINGU MILLI REKKJUNAUTA
TrueSense® Design

HELDUR JÖFNU OG RÉTTU SVEFN-HITASTIGI
Cool Balance® Technology
SERTA-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!
Serta®
America's #1 Mattress Manufacturer

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365



# Allir og ömmur þeirra í háloftunum

Þriðjungs fjölgun er á íslenskum flugliðum í ár miðað við sama tíma í fyrra. Sést það hæglega á samfélagsmiðlunum þar sem vart verður þverfótað fyrir myndum af nýbökuðum flugþjónum sem annaðhvort tylla sér í flugvélarhreyfilinn eða standa teinréttir í úníforminu.

Margir velta eflaust fyrir sér hvað sé í gangi og hvort yfirhöfuð verði einhver eftir á jörðu niðri í sumar til að sinna öðrum störfum. Slík er fyrirferð nýútsprunginna flugliða á samfélagsmiðlunum um þessar mundir. Hvað er eiginlega málið með þessa aðsókn?


**Ingibjörg Lárusdóttir, forstöðumaður flugfreyja og flugþjóna Icelandair**

Ingibjörg Lárusdóttir, forstöðumaður flugfreyja og flugþjóna Icelandair, var gestur morgunþáttarins Brennslunnar á FM 957 í gærmorgun og sagði þar að nú í sumar teldu flugfreyjur og -þjónar innan raða fyrirtækisins rúmlega tólf hundruð hausa. Hún giskar á að fyrir áratug hafi tala þjónanna verið um þrjú til fjögur hundruð, svo fjölgunin sé gríðarleg.

„Aldrei neinir tveir dagar eins, veist aldrei hvernig dagurinn verður þegar þú mætir í vinnuna, nýtt fólk og nýjar áskoranir. Það er aðalmálið,“ segir hún spurð um hvaðan aðdráttaraflið sé komið. Hún segist gera ráð fyrir að vöxtur innan stéttarinnar komi aðeins til með að halda áfram. „Aðsóknin er gríðarleg. Við sjáum ekki fram á flugfreyjuskort,“ segir hún þegar Hjörvar Hafliðason, annar þáttarstjórnenda, spyr hvort leita þurfi fanga út fyrir landsteinana.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, tekur í sama streng og segir áhuga fólks á starfinu mjög greinilegan. „Síðast þegar við auglýstum sóttu um fimmtán hundruð manns um starf. Í þeim hópi voru til dæmis lögreglumenn, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar, sálfræðingar og leikarar ásamt fólki úr öðrum starfsstéttum,“ segir Svanhvít.

„Hundrað og fimmtíu manns voru á launaskrá síðasta sumar, en í ár verða þrjú hundruð og fimmtíu manns.“ Hún segist gera ráð fyrir að það sem heilli umsækjendur séu ferðalögin, skemmtilegt starfsumhverfi og mannlegu samskiptin. „Við teljum að starf flugliða hafi alltaf verið eftirsóknarvert og virðist engin breyting vera þar á. Hæfir umsækjendur eru alltaf langt umfram þann fjölda af störfum sem eru í boði hverju sinni.“


**Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air**

Þó að stéttin þyki kvenlæg í margra hugum er þó ýmislegt að breytast þó betur megi sannarlega gera. Ingibjörg segir hlut karla tíu prósent innan Icelandair og samkvæmt tölum Svanhvítar eru rúmlega sautján prósent þjóna WOW air karlar. Báðar höfðu orð á að áhugi væri á að fjölga körlum innan flugfélaganna.

Burtséð frá því má sannarlega segja að flugfreyju- og þjónaáhuginn laði til sín starfsfólk þvert á starfsstéttir. Í sumar munu til að mynda tónlistarmenn, fyrirsætur, fegurðardrottningar, lögfræðingar, leikarar, uppistandarar, bloggarar og svo mætti lengi telja, skenkja kaffi í bolla og sjá um öryggi ferðalanga til og frá Íslandi.

**gudrun@frettabladid.is**

## MET Í FÉLAGAFJÖLDA FLUGFREYJUFÉLAGSINS

**„Við finnum fyrir aukningunni. Fyrirtækin eru að stækka og ráða þar með fleira fólk. Mér sýnist félagsmenn verða rúmlega fimmtán hundruð í ár. Á sama tíma í fyrra vorum við um eitt þúsund. Þetta er met í félagafjölda.“**


Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélagsins

## FRÆGAR FLUFFUR



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo. Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Maríu Elísabetar Bragadóttur




## Nútíminn sem var

Ég var nýorðin 10 ára í maí 2003 og þótti aldurinn farinn að segja til sín. Mér skildist að ómögulegt væri að kortleggja nútímann því kennileitin yrðu ekki augljós fyrr en grafin í fönn og orðin að fortíð. Ég einblíndi þess vegna á framtíðina. Fyrir utan gsm-síma á stærð við fingurnögl og fljúgandi bíla olli hún mér hugarangri. Var viss um að ég væri hársbreidd frá því að hverfa frá æskunni. Mannsævin væri þannig samsett að ég myndi á vissum tímapunkti upplifa óhugnanleg umskipti. Fengi splunkunýtt fullorðinssjálf.

Aðra stundina forhertur unglingur. Myndi skilja eftir mig sviðna akra og eyðilagða foreldra. Þá næstu skjálfhent gamalmenni með lifrarbletti á handarbakinu að skrúfa skelplötulok af pilluglasi. Nýkomin úr vikulegri lagningu með ljósrauðan varalit smitaðan út í hrukkurnar. Saumandi út í púða, bíðandi dauðans. Fengi engu ráðið. Hvorugt hugnaðist mér. Umkomuleysið gagnvart tímanum algjört. Hin karakterísku vatnaskil reyndust þó engan veginn raunveruleg.

Í æsku minni voru helgarpabbar úti um allar trissur. Þrátt fyrir það sá ég þá aldrei sem kennileiti í kortlagningu á nútímanum þó þeir væru það. Nú heyri ég því fleygt að helgarpabbarnir séu skilgetin afkvæmi fortíðarinnar. Glaðbeittir að panta hamborgaratilboð í gegnum bílalúgu á leiðinni í Keiluhöllina. Með sjálflýsandi bros við kjötborðið í Nóatúni að kaupa kíló af frönskum. Síðan keyra þeir rólega út af sviðinu og ný leikmynd er sett upp. Senn rykfalla þeir svo á sama stað og lyklabörnin frá síðustu öld. Þegar öllu er á botninn hvolft er nútíminn næstum alltaf gamaldags.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is




KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.